



Sólveig Anna Jónsdóttir, Eflingu.



Vilhjálmur Birgisson, Akranesi.



Ragnar Þór Ingólfsson, VR.

Brestur í blokkinni?

Ólíkir hagsmunir félagsmanna gætu gert verkalyðsfélögum í samfloti erfitt að klára kjaraviðræður saman. Fleiri félög gætu þó bæst í hópinn. Ráðherrahópur fundar um breytingar á skattkerfi í dag. Úrslitastund gæti runnið upp á fimmtudag.

KJARAMÁL Verkalýðsfélögin fjögur sem sitja saman við samningaborð Ríkissáttasemjara hafa of ólíka hagsmuni til að geta klárað viðræðurnar í samfloti, að mati heimildarmanna Fréttablaðsins innan verkalyðshreyfingarinnar.

Formenn Verkalýðsfélags Akraness og VR hafi sameiginlega hagsmuni af því að ræða vexti, verðtryggingu, vísitölu og húsnæðismál en formaður Eflingar þarf að semja um kjór hinna lægst launuðu. Formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur er sagður á svipuðum nótum og formaður Eflingar enda að semja fyrir

fiskverkfólki á svipuðum launakjörum og félagsmenn Eflingar.

„Það er algerlega af og frá,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, aðspurður um bresti í samstöðu félaganna fjögurra. „Við erum mjög samhent í þessari vinnu og stöndum og föllum með henni saman.“ Hann segir fund forsetateymis ASÍ með stjórnvöldum á morgun geta haft úrslitaáhrif á hvort samningar náist en næsti fundur félaganna fjögurra hjá Ríkissáttasemjara verður á fimmtudag.

Félögin biða nú eftir tillögum stjórnvalda um skattkerfisbreyt-

ingar. Vilhjálmur segir það á vettvangi ASÍ að ræða við stjórnvöld en fundur félaganna fjögurra hjá Ríkissáttasemjara næsta fimmtudag muni að sjálfsögðu taka mið af fundi ASÍ með stjórnvöldum sem ráðgerður er í vikunni.

Starfshópur fjármálaráðherra um skattkerfisbreytingar hefur lokið sinni vinnu og eru tillögur hópsins til pólitískrar meðferðar en ráðherrar úr öllum flokkum ríkisstjórnar funda um þær í dag. Tillögurnar eru hugsaðar sem útspil í kjaraviðræðurnar en samkvæmt fjármálaáætlun má ráðstafa fjórtán



Halldór Benjamin Þorbergsson, Samtökum atvinnulífsins.

Við erum mjög samhent í þessari vinnu og stöndum og föllum með henni saman.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

milljörðum í skattkerfisbreytingar Ljóst er að það getur haft mjög ólík áhrif á félagsmenn félaganna fjögurra hvernig því fé verður varið.

Af sömu ástæðum gætu félagsmenn þeirra haft mjög ólíka afstöðu til verkfalls og telja heimildir blaðsins meðal félagsmanna VR ólíklegt að verkfall verði samþykkt í VR. Ragnar Þór hafi ekki annan kost en að ná samningum, enda megi líta svo á að hann hafi þegar náð helstu markmiðum félagsins.

Þá herma heimildir blaðsins að boðað verði til félagsfundar í stéttarfélaginu Framsýn á Húsavík í vikunni til að ákveða hvort samningsumboðið verði tekið af Starfsgreinasambandinu og félagið gangi í bandalag félaganna fjögurra. — aa

Framtíð Víkurgarðs ræðst í dag

REYKJAVÍK Næstu skref í málefnum Víkurgarðs ræðst í dag, en það er Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra sem tekur ákvörðun um hvort skyndifriðun skuli fram haldið. Minjastofnun ákvað þann 8. janúar síðastliðinn að skyndifriða þann hluta garðsins sem er innan reits sem félagið Lindarvatn áformar að reisa hótél á. Lilja vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað, en sagði von á ákvörðun úr ráðuneyti sínu seinni partinn í dag.

Sá hluti Víkurgarðs sem í daglegu tali nefnist Fógetagarður er þegar friðlýstur. Minjastofnun taldi

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.



» Miklar deilur hafa staðið um fyrirhugaða hótélbyggingu Lindarvatns í miðborginni.

nauðsynlegt að stækka friðlýsingarsvæðið um átta metra í austur. Var vísað til þess að ekki hefði náðst ásættanleg niðurstaða um inngang fyrirhugaðs hótels. Þannig yrði Víkurgarður nýttur sem aðkomusvæði hótelsins sem væri óásættanlegt. Miklar deilur hafa staðið um fyrirhugaða hótélbyggingu og hafa heiðursborgarar Reykjavíkur meðal annars mótmælt framkvæmdunum. — ósk

Öskudagsbúningar!

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Betolvex B-12

Betolvex 1 mg cyanocobalamin.

Fæst án lyfseðils

Actavis

AUSTURBÆR VIÐBURDAHÚS

ALLT AÐ **500 GESTA** BORDHALD

1.000 GESTA STANDANDI VEISLUR

Tales from Iceland

518 4000 / info@tales.is

Veður



Norðan 10-18 m/s fyrri part dags, hvassast SA-til, og éljagangur, en léttskýjað sunnan heiða.

SJÁ SÍÐU 18

WOW air óskar eftir greiðslufresti

VIÐSKIPTI Stjórnendur WOW air hafa beðið um frest fram í miðjan mars til að gera upp ógreidd lendinga- og farþegagjöld á erlendum flugvöllum, samkvæmt heimildum Túrista, en vefurinn greindi fyrst frá málinu. Skúli Mogensen, forstjóri WOW, vildi ekkert tjá sig um málið við fjölmiðla í dag.

Í frétt Túrista segir að flugfélagið hafi sent bréf til viðkomandi flugvalla þar sem kemur fram að félagið óski eftir vilyrði fyrir því að notendagjöld flugfélagsins verði greidd í næsta mánuði en ekki nú í lok febrúar eins og ráð var gert fyrir.

Þá kemur fram að erfitt sé að leggja mat á upphæðirnar en bent er á að notendagjöld WOW air á Keflavíkurflugvelli, fyrir janúar, hafi verið á bilinu 250 til 300 milljónir króna.

Í lok febrúar mun fresturinn sem eigendur skuldabréfa í WOW air veittu Indigo Partners og Skúla Mogensen til að ná samkomulagi um kaup félagsins á stórum hluta í íslenska flugfélaginu renna út. Upplýsingar hafa ekki fengist um stöðu viðræðanna en gert er ráð fyrir því að flugfélagið sendi yfirlýsingu um stöðuna í síðasta lagi þann 28. febrúar.

Auk þess er ekki ljóst hvort WOW verði heimilt að hætta við tólf ára leigusamning á fjórum nýjum Airbus A330 breiðþotum, en leiguverð á einni slíkri er hátt í 100 milljónir króna á mánuði og eru tvær þotur af fjórum nú tilbúnar með merkjum WOW við verksmiðju Airbus í Frakklandi. WOW gæti þurft að greiða á bilinu 300 til 500 milljónir króna til að losna undan leigusamningi á hverri og einni breiðþotunni og því um umtalsverðar upphæðir að ræða. – oæg

Grjótglíma



Þessi unga stúlka spreytti sig á erfiðri klifurleið á Íslandsmeistaramótinu í klifri sem fram fór í húsakynnum Klifurfélags Reykjavíkur í gær. Einbeitingin skein úr augum hennar eftir því sem hún fíkraði sig ofar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir af mótinu er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Íslendingur vann meistara í Overwatch

TÆKNI Það er göð tilfinning að spila í einni stærstu tölvuleikjakeppni heims, segir Finnbjörn Jónasson, atvinnumaður í tölvuleiknum Overwatch. Lið hans, Paris Eternal, keppir nú í fyrsta sinn í atvinnumannadeildinni Overwatch League en annað tímabil deildarinnar hófst um helgina. Parísarmenn unnu þá stórsigur á meistaraliði síðasta árs, London Spitfire.

„Við spilum okkar leik og stóðum okkur mjög vel. Overwatch League er ein stærsta tölvuleikjakeppni í heiminum svo það er göð tilfinning að spila í henni.“ – þea



Finnbjörn Jónasson, atvinnumaður í tölvuleiknum Overwatch.

Pálmi í hópi stærstu fjárfesta í Islanddair

Pálmi Haraldsson er orðinn stærsti einkafjárfestir í hlutahafahópi Islanddair. Hlutur hans metinn á 423 milljónir króna. Þórunn Reynisdóttir býður sig fram í stjórn flugfélagsins og hefur stuðning Pálma. Aðalfundur er 8. mars.

VIÐSKIPTI Pálmi Haraldsson, fjárfestir og fyrrverandi eigandi Fons, er orðinn stærsti einstaki einkafjárfestirinn í hlutahafahópi Islanddair Group með rúmlega eins prósent eignarhlut. Þrjú félög í eigu Pálma, sem var áður aðaleigandi flugfélagsins Iceland Express, áttu samanlagt um 51,3 milljónir hluta, jafnvirði um 423 milljóna króna miðað við núverandi gengi bréfa Islanddair, í lok síðustu viku, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eignarhlutur Pálma í Islanddair er meðal annars í gegnum eignarhaldsfélögin Sólvöll og Ferðaskrifstofu Íslands en það fyrirtæki rekur ferðaskrifstofurnar Sumarferðir, Úrval Útsýn og Plúserðir. Pálmi var á sínum tíma stór hluthafi í Islanddair og sat í stjórn flugfélagsins á árunum 2003 og 2004.

Samkvæmt heimildum blaðsins mun Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals Útsýnar, bjóða sig fram til stjórnar á aðalfundi flugfélagsins sem fer fram 8. mars næstkomandi og nýtur stuðnings Pálma. Þórunn starfaði um árabíl hjá Islanddair, meðal annars sem stöðvarstjóri í Kaupmannahöfn og hótélstjóri Hótel Loftleída. Ljóst er að breytingar verða á stjórn Islanddair en af sitjandi stjórnarmönnum félagsins hefur Ásthildur Margrét Otharsdóttir, sem hefur verið stjórnarmaður frá árinu 2012, ákveðið að gefa ekki áfram kost á sér í stjórn.

Stærsti hluthafi Islanddair er Lífeyrissjóður verslunarmanna með um 14 prósent hlut en samantlagt eiga íslensku lífeyrissjóðirnir meira en helmingshlut í félaginu. Innlendir einkafjárfestar hafa hins



Pálmi sat í stjórn Islanddair á árunum 2003 og 2004. MYND/KIM NIELSEN

51,3

milljónir hluta í flugfélaginu eru í félögum í eigu Pálma.

vegar löngum verið hverfandi í hlutahafahópi Islanddair. Á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa félagsins er þar núna aðeins að finna fjárfestingafélagið Væntingu, sem er í eigu Bláa lönsins, með eins prósent hlut og þá eiga félög í eigu Pálma sem fyrr segir samtals um 1,03 prósent hlut. Eignarhaldsfélagið Traðarhyrna, sem er meðal annars í eigu Samherja og viðskiptafé-

laganna Finns Reyrs Stefánssonar og Tómasar Kristjánssonar, átti um skeið nærri tveggja prósent hlut í Islanddair í gegnum safnreikning hjá Kviku banka en óljóst er hversu stór hlutur félagsins er í dag.

Rekstur Islanddair Group gekk erfiðlega á síðasta ári og nam tap félagsins 55,6 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði um 6,7 milljarða króna. Þá dróst EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verulega saman á milli ára og var 76,5 milljónir dala borið saman við 170 milljónir dala árið 2017.

Hlutabréfaverð Islanddair hefur lækkað um 14 prósent frá áramótum og stendur nú í 8,25 krónum á hlut. Markaðsvirði félagsins er um 41 milljarður. hordur@frettabladid.is

Formfræsitennur og fræsihausar fyrir tré



Skerping ehf.

Smíðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata
skerpingehf.is þjónusta við tré- og málmíðnað í 36 ár



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR RAV4 ALHLIÐA SPORTJEPPI. ALHLIÐA HYBRID.



RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.

RAV4 Hybrid – verð frá: 5.950.000 kr.

Frá því að RAV4 sló fyrst í gegn hefur nánast allt breyst. Fimmta kynslóð þessa alhliða sportjeppa er stökkbreytt í útliti; glæsilegri með skarpari línur, völdugri á vegi og enn meiri breidd í getu, styrk, þægindum og afköstum. Nýr RAV4 er alhliða Hybrid, hljóðlátur í akstri með aukið svigrúm fyrir fólk og farangur. Ný kynslóð með enn meira öryggi og ríkulegum staðalbúnaði. Allt er breytt – nema vinsældirnar. Komdu, sjáðu og finndu muninn á nýjum RAV4 með sjö ára ábyrgð hjá næsta viðurkennda söluaðila.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Neita að borga girðingu uns dómsmáli um rétt til smölunar lýkur

DÓMSMÁL Gunnar Jónsson, eigandi jarðarinnar Króks í Norðurárdal, er ósáttur við að Borgarbyggð hefur ekki greitt honum hlut sveitarfélagsins í kostnaði vegna girðingar á landi hans. Gunnar hefur deilt við sveitarfélagið vegna reksturs á fé í gegn um land hans í tengslum við smölun á haustin.

„Það er töluvert stórt mál að loka fyrir leið eins stærsta fjársafns á landinu af afretti,“ sagði Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, í Fréttablaðinu í nóvember



Borgarbyggð á að greiða 5,8 milljónir vegna girðingar jarðarinnar Króks.

2017. Gunnar vill viðurkenningu dómstóla á því að sveitarfélagið geti ekki heimilað bændum að fara með fé af fjalli um lönd Króks.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður

Því er of seint að gera fyrirvara um girðinguna.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Gunnars Jónssonar



Gunnars, gerir í bréfi kröfu um að Borgarbyggð greiði Gunnari áttatíu prósent af girðingarkostnaðinum, 5,7 milljónir króna, og 400 þúsund í

lögmannskostnað. Byggðarráð hafi samþykkt að greiða kröfuna en í stað þess að senda greiðsluna hafi hún verið borguð inn á geymslu-reikning „þar til niðurstaða liggir fyrir um óskilt efni, það er afnotarétt og eða umferðarétt um land Króks“.

„Þér tókuð þátt í að ákveða girðingarstæðið með þátttöku í matsnefndinni sem ákvað það lögum samkvæmt. Því er of seint að gera fyrirvara um girðinguna,“ skrifar lögmaðurinn. Dómsmálið sem

Borgarbyggð vísi til fjalli ekki með neinum hætti um girðingarmálið og breyti engu um skyldu sveitarfélagsins til að taka þátt í kostnaðinum við girðinguna.

„Byggðarráð vekur athygli á því að dómsmáli vegna hefðarréttar á hluta af landinu er ekki lokið og ekki liggur fyrir lokaúttekt á verkinu svo sem vegna staðsetningar og gerðar girðingar,“ itrekar byggðarráðið. Aðalmeðferð í nefndu dómsmáli verður í Héraðsdómi Vesturlands 11. mars næstkomandi. - gar



Jón Þróstur hvarf í síðustu viku.

Eiga fund með lögreglu í dag

LÖGREGLA Enn hefur ekkert spurst til Jóns Þrastar Jónssonar, sem hvarf í Dyflinni um síðustu helgi. „Ég er eiginlega bara að lognast út af,“ segir Davíð Karl Wíum, bróðir Jóns, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi, og augljóslega mjög þreyttur en Davíð hefur leitað bróður síns í Dublin frá morgni til kvölds undanfarna daga ásamt fjölskyldu og vinum. „Við erum enn engu nær,“ segir Davíð en fjölskyld-

» Bróðir Jóns Þrastar segir ekkert benda til þess að nokkuð saknæmt hafi leitt til hvarfs Jóns Þrastar en ekkert þeirra geti þó átt að sig á aðdraganda hvarfsins.

an mun funda með lögreglunni í Dublin í dag. Þá á eftir að ljúka við að kemma það svæði sem afmarkað var sérstaklega til leitarinnar.

Davíð segir ekkert benda til þess að eitthvað saknæmt hafi leitt til hvarfs Jóns Þrastar en ekkert þeirra geti þó átt að sig á aðdraganda hvarfsins. - aa

Umsvif RÚV stóra vandamálið

Stjórnarformenn Árvakurs og Torgs hafa ýmislegt út á fjölmiðlafrumvarp menntamálaráðherra að setja. Nefna umsvif RÚV á auglýsingamarkaði, áfengisauklýsingar og vilja ekki frekari álögur á ríkissjóð.

FJÖLMIÐLAR Vöxtur RÚV, áfengisauklýsingar og afnám virðisaukaskatts af áskriftum eru á meðal þess sem stjórnarformenn Torgs, útgefanda Fréttablaðsins, og Árvakurs, útgefanda Morgunblaðsins, nefna þegar inntir eftir afstöðu til fjölmiðlafrumvarps Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra. Frumvarpinu er ætlað að styrkja einkarekna miðla um 300 til 400 milljónir króna á ári með því að endurgreiða hátt í 25 prósent ritstjórnarkostnaðar. Þó þannig að hver miðill fái að hámarki 50 milljónir á ári.

„Við leggjum til að það sé ekki verið að leggja frekari álögur á ríkissjóð heldur einfaldlega finna þeim peningum sem þegar eru teknir af fólki í landinu fyrir fjölmiðlarekstur annan farveg, til einkamiðlanna,“ segir Einar Þór Sverrisson, stjórnarformaður Torgs. Félagið leggur til að einum milljarði, af þeim 4,7 milljörðum sem ætlaðir eru á fjárlögum til RÚV, verði endurúthlutað til einkamiðlanna og gerð sparnaðarkrafa á RÚV á móti.

Hann segir tillögu Torgs raunhæfa og félagslega ábyrga. Með henni væri fjármagni veitt í einkarekna miðla en á sama tíma „stigið á bremsuna varðandi stjórnlausan vöxt RÚV án þess að leggja til að RÚV verði lagt niður“. Þá segist Einar frekar á því að efla eigi kjarnastarfsemi RÚV.

Sigurbjörn Magnússon, stjórnarformaður Árvakurs, nefnir Ríkisútvarpið einnig. „Við viljum takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði við tiltekna fjárhæð. Þeir eru mjög fyrirferðarmiklir og gera einkareknum fjölmiðlum erfitt fyrir. Það mætti til dæmis loka Rás 2, hætta að skrifa á vefinn og mætti leyfa Ríkisútvarpinu að afla milljarðs í auglýsingar en ekki á þriðja milljarð.“

Einar vill að stjórnvöld ihugi til-



Stjórnarformenn Torgs og Árvakurs vilja leyfa áfengisauklýsingar í fjölmiðlum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stóra málið er það að við leggjum til að það sé ekki verið að leggja frekari álögur á ríkissjóð.

Einar Þór Sverrisson, stjórnarformaður Torgs



lögur Torgs alvarlega. „Menn verða að gera sér grein fyrir því að staðan á þessum fjölmiðlamarkaði er sú að það er ekki sjálfsgætt að hér sé haldið

úti einkareknum miðlum.“ Þá gagnrýnir hann að sérstaklega sé kveðið á um að fjölmiðlar í höfuðborginni þurfi að hafa þrjá starfsmenn til þess að fá stuðning frá ríkinu þegar sett er fram krafa um fjölbreytt efnistöð og sjálfstæða heimildaöflun. Þróskuldurinn sé of lágur.

Árvakur er ekki hrifinn af þaki á endurgreiðslum, að sögn Sigurbjörns. Hann segist frekar vilja að endurgreiðslan væri bundin við prósentu. „Við viljum að það sé farin leið sem er farin á Norðurlöndum, í gegnum skattkerfið. Við nefnum sex atriði í lokin á umsögn okkar. Það er afnám eða endurgreiðsla virðis-

aukaskatts á áskriftum prentmiðla, tryggingargjald hjá starfsfólki fjölmiðla afnumið, umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði takmörkuð, áfengisauklýsingar leyfðar, rekstrarkostnaður endurgreiddur og skilyrði fyrir endurgreiðslu verði sem víðtækust,“ segir Sigurbjörn.

Hann tekur fram að áfengisauklýsingar tíðkist til að mynda í Svíþjóð. Þar hafi það verið gert, þó með ákveðnum takmörkunum. „Auðvitað myndi þetta verða drjúgur póstur fyrir fjölmiðla af því þetta gera flestir erlendir fjölmiðlar sem við erum í óbeinni samkeppni við.“ thorgnyr@frettabladid.is

jeep.is

JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

STADALBÚNAÐUR M.A.: DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF, DRIFLÆSING AÐ AFTAN. LOFTPÚÐAFJÓÐRUN, HITI OG KÆLING Í FRAMSÆTUM, HITI Í STÝRI, RAFDRIFINN AFTURHLERI, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI.

TRAILHAWK VERÐ 10.990.000 KR.
LAREDO VERÐ 9.990.000 KR



33" BREYTTUR

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites

NÝR NISSAN QASHQAI TEKNA

EINN VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



ENNEEM / SIA / NM92452

NISSAN QASHQAI TEKNA

TILBOÐSVERÐ: **4.650.000 kr.**

Verð áður frá: 4.950.000 kr.



SJÁLFVIRK NEYÐARHEMLUN
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA



SJÁLFVIRKUR AKREINAVARI
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA



LEGGJA Í STÆÐI HJÁLP
VALBÚNAÐUR

KAUPAUKI

17" álfelgur & vetrardekk

Búnaður í Qashqai TEKNA er m.a.:

- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu
- Tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Connect 7" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Sjálfvirk há/lág ljós
- Neyðarhæmlun
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- 19" álfelgur og sumardekk
- 360° myndavélakerfi
- Lykillaustr aðgengi og ræsing
- Panorama glerþak
- Leðuráklæði á slitflötum
- Rafdrifrið öikumannsæti

Nánari upplýsingar á nissan.is

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Bandaríkjamenn báðu Japana um að tilnefna Trump til Nóbels

JAPAN Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, tilnefndi Donald Trump Bandaríkjaforseta til friðarverðlauna Nóbels í haust. Þetta gerði hann eftir að bandaríska ríkisstjórnin sendi beiðni um tilnefningu. Japanska dagblaðið Asahi Shimbun greindi frá málinu.

Trump sagði sjálfur frá því á



Donald Trump Bandaríkjaforseti.

föstudag að Abe hafi tilnefnt hann. Tilnefningin var sérstaklega fyrir að hafa opnað á viðræður við og dregið úr togstreitunni við Norður-Kóreu. Trump fundaði til að mynda með Kim Jong-un einræðisherra í Singapur síðasta sumar. Þeir fundu aftur í Vietnam síðar í mánuðinum.

Reuters hafði eftir upplýsinga-

fulltrúa japanska utanríkisráðuneytisins að ráðuneytið hafi tekið eftir ummælum Trumps. Það vildi þó ekki tjá sig um samskiptin. Hvíta húsið vildi það ekki heldur.

Samkvæmt Nóbelsstofnuninni getur hver sá sem sjálfur er gjaldgengur til tilnefningar, til að mynda þjóðarleiðtogi, sent inn tilnefningu.

Samkvæmt reglum stofnunarinnar má ekki greina frá tilnefningum fyrr en eftir fimmtíu ár.

Trump fékk ekki friðarverðlaun Nóbels í desember. Denis Mukwege og Nadia Murad urðu fyrir valinu fyrir „vinnu sína að því markmiði að binda enda á vopnvæðingu kynferðisofbeldis“. - þea



Salvini vill forðast réttarhöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Talin hætta á stjórnarslitum vegna Salvini

ITALÍA Fimm stjórnu hreyfingin, annar ítölsku stjórnarflokkanna, heldur stafræna atkvæðagreiðslu í dag um hvort flokkurinn ætli að koma í veg fyrir möguleg réttarhöld yfir Matteo Salvini, leiðtoga Bandalagsins, hins stjórnarandstöðuflokksins. Þetta kom fram á vef hreyfingarinnar í gær en atkvæðagreiðsla um réttarhöldin fer fram í þingnefnd á þriðjudag.

Saksóknarar í Catania á Sikiley vilja halda áfram rannsókn á meintri misbeitingu valds og mannráni sem á að hafa átt sér stað þegar Salvini fyrirskipaði að um 150 flóttamönnum skyldi vera haldið í ítölskum landhelgisgæsluskipum í fimm daga í ágúst síðastliðnum.

Ríkisfréttastofan Ansa hafði eftir heimildarmönnum innan Fimm stjórnu hreyfingarinnar í gær að málið gæti hæglega fellt stjórnina, fari svo að hreyfingarfolk ákveði að standa ekki í vegi fyrir saksóknurum. Sambandið á milli stjórnarflokkanna er stirt nú þegar vegna deilna um hin ýmsu mál.

Salvini hefur sjálfur farið fram á við öldungadeild þingsins að hafna beiðni um réttarhöld. Það skapar vandamál fyrir Fimm stjórnu hreyfinguna sem hefur ítrekað gagnrýnt stjórnarmálamenn fyrir að nota vald sitt til að komast hjá réttarhöldum. Stjórnmalaskýrandi hjá Fatto Quotidiano sagði Fimm stjórnu hreyfinguna í ákveðinni tilvistarkreppu vegna málsins. - þea

Rósa Björk segir að fangelsun stjórnarmálamanna sé ólíðandi

Rósa Björk Brynjólfssdóttir alþingismaður fylgdist með réttarhöldum Katalóna í Madrid og fundaði með katalónskum stjórnarmálamönnum. Hún segir réttarhöldin pólitísk og málið snúast um mannréttindi og tjáningarfrelsi. Það sé ólíðandi að fangelsa stjórnmalafólk, burtséð frá skoðun á sjálfstæði Katalóníu.

SPÁNN Réttarhöldin yfir tólf leiðtogum katalónsku sjálfstæðis-hreyfingarinnar í spænsku höfuðborginni Madrid og fangelsun níu þeirra er ólíðandi. Þetta segir Rósa Björk Brynjólfssdóttir, þingmaður Vinstri grænna, en hún var stödd í Madrid fyrir helgi meðal annars til að fylgjast með réttarhöldunum og eiga fundi með katalónskum stjórnarmálamönnum.

Réttarhöldin hófust í síðustu viku en málið má rekja til sjálfstæðisatkvæðagreiðslu og -yfirlýsingar haustsins 2017. Sakborningar mæta aftur fyrir hestarétt í dag. Fyrir áhugasama þá var aðdragandi réttarhaldanna rakinn í Fréttablaðinu á laugardag.

„Fyrir mér blasir þetta þannig við að sama hvaða skoðun maður hefur á sjálfstæði Katalóníu eru þessi réttarhöld pólitísk og fangelsun stjórnmalafólks sem hefur barist með friðsamlegum hætti fyrir sinni sannfæringu og skoðunum einfaldlega ólíðandi,“ segir Rósa Björk. „Meðal þeirra sem eru nú fyrir rétti er forseti þingsins fyrir það eitt að hafa efnt til umræðu um málið á þingi og félagar frjálsra félagasamtaka sem hafa skoðun á sjálfstæðisbaráttunni.“

Rósa Björk átti fund með Alfred Bosch, utanríkisráðherra Katalóníu, en hún var í Madrid og hitti annað áhrifafólk í katalónskum stjórnmalum, sat með þeim og horfði á beina útsendingu af réttarhöldunum. „Við Bosch ræddum stjórnmalástandið í Katalóníu og á Spáni, flókna stöðu í spænskum stjórnmalum, aukið fylgi við öfgahægriöfl í landinu og svo auðvitað réttarhöldin.“

„Fyrir mig sem kjörinn fulltrúa virkar þetta sem pólitísk réttar-

Að mínu mati, þá snúast þessi réttarhöld ekki bara um stjórnarskrá Spánar eða lagaflækjur varðandi sjálfstæðisbaráttu Katalóníu, heldur um mannréttindi og tjáningarfrelsið.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir alþingismaður

höld. Deilan snýst um hvort þau hafi brotið gegn stjórnarskránni, um það snýst málið, en mér finnst því miður ansi margt benda til þess að það sé nú þegar búið að ákveða að refsa þeim. Það er bara spurning hvaða refsing verður fyrir valinu,“ segir Rósa Björk en þeir þrír aðilar sem sækja málið krefjast misjafnar refsingar.

Það er, að sögn Rósu Björku, dapurlegt að horfa upp á fólk fangelsað fyrir pólitískar skoðanir sínar árið 2019. „En við stöndum líka frammi fyrir því að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar var ekki afgerandi heldur. Það er náttúrulega um helmingur Katalóna sem er ekki á því að Katalónía eigi að vera sjálfstæð. Þannig að þetta er flókið.“

Og staðan á Spáni almennt er bæði viðkvæm og flókin, segir Rósa Björk. Pedro Sanchez forsætisráðherra boðaði í síðustu viku til kosninga eftir að þingið hafnaði fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Sósíalistasflokksins.

„Það var á reiki hvort boðað yrði til þeirra og ef svo er, hvort þær yrðu í apríl eða október. Hann virðist hafa metið stöðuna þannig að það væri betra að hafa þær 28. apríl. Sem verður mikið álag á spænsk stjórnmal, því þá verða réttarhöldin væntanlega



Rósa Björk ásamt Alfred Bosch, utanríkisráðherra Katalóna. MYND/RÓSA

enn í gangi og að auki kosningar til Evrópuþingsins og til sveitarstjórna í nokkrum héruðum. Það verður mikið í gangi á sama tíma.“

Þingmaðurinn segist að lokum hafa fundið fyrir því að yfirlýsing forseta Alþingis, um að hann hefði áhyggjur af stöðu hinnar ákærðu Carme Forcadell, fyrrverandi þingforseta, vakti mikla athygli Katalóna. En evrópskir þingmenn og ríkisstjórnir hafi alla jafna verið

varkárar í málinu. „Ég hef líka sem þingmaður á Evrópuráðsþinginu rætt málefni Katalóníu við aðra. Þar eru þingmenn varfærni, sérstaklega þingmenn Evrópusambandslanda, skiljanlega kannski. En að mínu mati, þá snúast þessi réttarhöld ekki bara um stjórnarskrá Spánar eða lagaflækjur varðandi sjálfstæðisbaráttu Katalóníu, heldur um mannréttindi og tjáningarfrelsið.“ thorgnyr@frettabladid.is



MINI ELECTRIC

www.mini.is

PLUG-IN HYBRID OG FJÓRHJÓLADRIF.

MINI COUNTRYMAN PLUG-IN
VERÐ FRÁ: 5.490.000 KR.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





HÚSASMÍÐJAN

Fagmannaverslun

...MEIRA FYRIR FAGMENN!

Fagmannablaðið er komið út

Skoðaðu blaðið á husa.is

Allar vörur í blaðinu fást í Fagmannaverslun og á husa.is



HITACHI → **HIKOKI**
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

121.838,- -25%
~~162.450,-~~

VERKFERASETT 18V KC18DG4L HITACHI 4 VÉLAR (3RAFHLOÐUR)

- Borvél DA18DBSL - 70Nm • 1/4" Herslúvél WH18DBDL (IP56) - 207Nm • SDS Borhamar DH18DBL (3 stillingar) - 2.8J • 125mm Slípirokkur G18DBL - 9.000 sn./mín.
- 3 x 18V rafhlöður 5.0Ah • Hleðslutæki UC18YFSL
- Allar vélar m/kolalausum mótör • Taska fylgir vnr. 5247203

HIKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

-20%
83.964,-
~~104.955,-~~

BORHAMAR 36V DH36DPA HIKOKI MULTI VOLT (2RAFHLOÐUR)

- SDS+ • 2 x 36V rafhlöður 2.5Ah • Borun, höggborun og meitlun • Kolalaus mótör • Höggorka 0-3.2J • Mesta borun í stein 28 mm • Sn/mín. 0-1.100 • Högg á mín. 0-4300
- RFC öryggi, gegn bakslagi • Led ljós • Lengd 351mm
- Þyngd 3.9 kg • Taska HSCIV vnr. 5249320

Wen

-25%
34.496,-
~~45.995,-~~

FJÖLNOTAVÉL MULTIMASTER 3500

- 350W • 10000 - 19500 sn./mín. • 5 m kapall
- StarlockPlus haldari • QuickLIN hraðtengi
- Þyngd 1,4 kg

FYLGIHLOTUR

- 1 x pússplatti • 12 x sandpappír • 1 x skafa
- 1 x 44 mm alhlíða sagarblað • 1 x 65 mm sagarblað
- 1 x HSS sagarblað • Plasttaska vnr. 5243102

Makita

-20%
30.396,-
~~37.995,-~~

STINGSÖG 18V DJV181ZMAKITA (BASIC) ÁN RAFHLOÐU OG HLEDSLUTÆKIS

- 18V • Kolalaus mótör • 4 stillingar • Slög/mín. 800-3500 • Slaglengd 26mm • Stiglaus hraði • Há. skurðargeta 135mm [Tré] 10mm [Stál] • LED ljós • Þyngd 2,4kg vnr. 5255308



DEWALT

-20%
89.995,-
~~112.495,-~~

VELTISÖG DEWALT 743N

- 2000W • 250 mm sagarblað / 30 mm gat • Sagarblað fylgir • Snúningshraði 2850 sn./mín.
- Tvöfalt rofakerfi í handfangi og á þverslánni • Mesti halli 45° • Geirungur [hægri/vinstri] 45/45°
- Há. skurðargeta 90°/90° 140 x 68mm [B x H] • Skurðargeta 90°/90° 180 x 20mm [B x H]
- Skurðargeta 45°/90° 95 x 70mm [B x H] • Skurðargeta 45°/90° 120 x 46mm [B x H]
- Skurðargeta 90°/45° 70 x 95mm [B x H] • Skurðargeta 90°/45° 150 x 20mm [B x H]
- Mesta ristun 90° 0-70mm / 45° 0-32mm • Þyngd 37kg vnr. 5159110

AFGREIÐSLUTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA
7:30 - 18:00
LAUGARDAGA
10:00 - 16:00

FAGMANNAVERSLUN OG TIMBURSALA
Kjalarvogi 12 - 14 / Sími: 525 3400



Þið meir fyrirvarum prentvillur og myndavéki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

+PLÚS



MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

Klifurmót

Fyrsti hluti Íslandsmeistaramóts í klifri var haldinn í húsaáskynnum Klifurfélags Reykjavíkur í gær. Í mótariðinni keppa klifrarar á öllum aldri og í ýmsum styrkleikaflokkum. Hér má sjá klifrara 16 ára og eldri spreyta sig á klifurleiðum.



Ákall æskunnar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Kæruleysi háir mjög hinu ófullkomna mannkyni sem hefur ýmislegt á samviskunnni og er íðulega sjálfu sér verst. Nú horfist mannkynið í augu við eina af sínum stærri syndum sem er hin kæruleysislega umgengni þess um jörðina. Það er eins og mannkynið hafi gert ráð fyrir að engu skipti hvernig það hagaði sér, það gætið mengað að vild og gengið endalaust á auðlindir því náttúran myndi sjá um sig og endurnýjast sjálfkrafa.

Afleiðingar af skeytingarleysi mannsins gagnvart umhverfi sínu blasa við hverju því mannsbarni sem horfast vill í augu við staðreyndir. Loftslagsbreytingar af mannavöldum valda náttúruhamförum með tilheyrandi mannfalli og fækkun dýra- og plöntutegunda. Ljóst er að mannkynið er á vegferð sem hæglega getur leitt það í glötun. Lítið er aðhafst enda eru ráðamenn heims flestir með hugann við allt aðra hluti.

Það er samt ekki eins og öllum standi á sama. Merkileg hreyfing er risin upp víða um Evrópu. Áskan er mætt til leiks og harðneitar að ganga þann veg tórtingar sem blasir við verði ekkert aðhafst í loftslagsmálum. Börn og unglingar í Belgíu, Frakklandi, Svíþjóð, Þýskalandi, Bretlandi og víðar streyma út á torg og stræti með mótmælaspjöld og krefjast þess að ráðamenn heims gripi til aðgerða. Ungmennin sjá fyrirmynd í sextán ára sænskri stúlku Gretu Thunberg sem er óþreytandi við að segja leiðtogum heims til syndanna vegna sinnuleysis þeirra í umhverfismálum.

Áhugaleysi kjörinna fulltrúa á framtaki ungmennanna endurspegladist vel í skilaboðum talsmanns breska forsætisráðuneytisins til þeirra hundrad þúsund skólábarna sem skröpuðu í skólanum og fór út á torg til að minna á ógnirnar sem blasa við vegna loftslagsbreytinga. Skilaboð forsætisráðuneytisins voru þau að skröp sé ekki til fyrirmyndar, það riðli mikilvægu skólástarfi og kastað sé á glæ kennslustundum sem kennarar hafi undirbúið vandlega. Við þetta bættust setningar um að nemendur ættu að halda sig í skólafotum og mennta sig svo þeir gætu í framtíðinni orðið vísindamenn og liðsmenn í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Ungir nemendur eiga sem sagt að sitja stilltir og hlýðnir á skólabekk og læra það sem þeim er sett fyrir. Þeir eiga ekki að hafa sérstakar skoðanir á vandamálum heims, hvað þá að sýna frumkvæði með því að krefjast aðgerða. Þeir skulu biða þar til þeir fá kosningarétt, fyrr sé ekki hægt að taka mark á þeim. Þeir fullorönu eiga að sjá um að leysa erfið verkefni sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir, þar á meðal hættunarnar sem blasa við vegna loftslagsbreytinga. Verkefni sem hinir fullorönu hafa þó engan veginn staðið sig í.

Áskan sem streymir út á torgin veit að litill tími er til stefnu. Hún hefur ekki tíma til að biða eftir því að verða fullorönu og fá kosningarétt. Hennar tími er núna. Hún lætur heyra í sér vegna þess að hún vill eiga framtíð. Þetta er áska sem ætlar sér ekki að þegja meðan hinir fullorönu eyða jörðinni. Megi hún hafa sem allra hæst!



Þetta er áska sem ætlar sér ekki að þegja meðan hinir fullorönu eyða jörðinni.

Halldór



Frá degi til dags

Úrbeinaður helgistaður
Vinir Vikurgarðs hljóta að hafa varpað öndinni léttar þegar Lilja Alfreðsdóttir lýsti því yfir í Silfrinu í gær að í hennar huga væri garðurinn einn helgasti staður landsins. Sagnfrótt fólk klóraði sér hins vegar í hausnum á Facebook í yfir þessari meintu helgi. Illugi Jökullsson sagðist hvorki skilja upp né niður í helgi leifa kirkjugarðsins þar sem engin bein eru lengur. „Hvað er heilagt á þessum stað? Malbikið? Gangstéttarhellurnar? Eða hugmyndin?“ spurði hann og bætti við að vel mætti reyna að koma í veg fyrir hótélbyggingu þarna en allt tal um helgi staðarins væri „bæði óskiljanlegt og rangt“.

Snobbað niður á við
Ragnhildur Sværrisdóttir lýsti sig 100% sammála Illuga og hefur aldrei eftir tæplega 60 ára búsetu í borginni „orðið vör við að einhver teldi minnstu helgi hvíla yfir þessum stað.“ Egill Helgason, sem einmitt ræddi málið við ráðherrann í þætti sínum, skildi þetta heldur ekki alveg, hafandi „þó buið á svæðinu alla tíð“. Hann vill þó að þess verði gætt að hóteli verði ekki „einhver skelfing“. Hagfræðingurinn Guðmundur Ólafsson kemur síðan á skjön í umræðuna, eins og hans er von og vísa, og skýtur á sjálfskipaða fornleifafraeðingana: „Snobbhætur snobba á móti snobbhótel.“
thorarinn@frettabladid.is

Dagskrárvald í umhverfismálum



Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur.

Stundum er talað um það hversu ólíkir flokkar Sjálfstæðisflokkur og VG séu. Það má vissulega til sanns vegar færa, þótt við hin eigum stundum erfitt með að koma auga á muninn, til dæmis varðandi auðlindagjald.

Munurinn er meðal annars þessi: Sjálfstæðismenn myndu aldrei samþykkja að Andri Snær Magnason yrði forstjóri Landsvirkjunar en þingmenn og ráðherrar VG láta sér vel líka að Jón Gunnarsson skuli orðinn að formanni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Rétt eins og Andri Snær er nokkurs konar persónugervingur umhverfisverndarsinna á Íslandi er Jón Gunnarsson í hugum margra eindregnasti stóriðjusinna landsins, svarinn andstæðingur umhverfisverndarsjónarmiða gegnum tíðina. Hann hefur um árabil verið ódeigur að stiga fram fyrir skjöldu og berjast fyrir því sem hann kallar „nýtingarstefnu“. Hann er litill talsmaður ósnortinnar náttúru en þeim mun hrifnari af „snortinni“ náttúru, manngerðum stöðum í náttúrunni; talar til dæmis í blaðagrein frá árinu 2008 um Bláa lónið og Kárahjúkavirkjun sem helstu náttúruverlur landsins – nefnir reyndar Helligheidi í þingræðu árið 2009 í þessu samhengi líka, sem vinsælan ferðamannastað, þó ekki verði sjálfsgagt margir til að deila aðdáun hans á röraferlíkjnum þar. Árið 2011 stakk Jón upp á því að leggja niður umhverfisráðuneytið og hafa um málefni þess deildir í „atvinnuvegaráðuneytunum“. Hann hefur ítrekað viljað breyta rammaáætlun. Hvalveiðar eru honum beinlínis hjartans mál.

Formenn fastanefnda Alþingis geta haft mikil völd og eins og áformin um vegaskatta sýna er Jón seigur að koma hugðarefnum sínum á dagskrá. Og nú hafa þau í VG afhent Jóni Gunnarssyni dagskrárvaldið í umhverfismálum á Alþingi.



Og nú hafa þau í VG afhent Jóni Gunnarssyni dagskrárvaldið í umhverfismálum á Alþingi.

Varmadælar & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlæggar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn kælimiðill



Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Alls kyns kyn

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Tímarnir eru áhuga-verðir. Á sama tíma og maður upplifir það að kynin séu stundum við það að fara endanlega í hár saman, og maður skynjar veröldina endrum og eins sem einhvers konar kynjastrið, þá virðist þögn og mögnuð bylting eiga sér stað undir niðri. Við erum að upplifa þá tíma, að hin hefðbundni dílkadráttur mannkyns í karla og konur er að verða í meira lagi óskýr. Sífellt fleiri vilja ekki bera þá takmörkuðu kynjamerkimíða sem samfélagið úthlutar. Á sama tíma og hefðbundnu kynin kýtast, er því að molna undan tilveru þeirra. Nýjustu tíðindin í þessum efnum eru þau, að forsætisráðherra hyggst leggja fram frumvarp um kynrænt sjálfræði og flugfélög úti í heimi eru farin að opna fyrir skráningu á mun fleiri kynjum heldur en bara karli og konu.

Sem áhugamanni um hrun hugtakakerfa verð ég að segja að mér finnst þetta ferlega bitastætt. Frumvarp forsætisráðherra gerir ráð fyrir að gerður verði skýr

greinarmunur á kynlegum einkennum — eins og þeim að manneskja sé með typpi — og hins vegar kyni. Fólki, hvernig sem það er úr garði gert líkamlega, mun öðlast rétt til þess að skrá sig sem það kyn sem því sýnist. Og þá líka sem ekkert kyn.

Litaskalinn

Ég fagna þessu. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að veröldin sé ekki svarthvít. Ég á í miklum erfðleikum með þessa stóru merkimiða sem eru notaðir í umræðunni, til þess að skipta fólki upp í alls konar risastóra hópa sem eiga sér í raun ákaflega litlar stoðir í raunveruleikanum. Mannkynið skiptist ekki í karla og konur, nema á einhvern fáránlega takmarkaðan og þýðingarlitinn hátt. Veröldin er litaskali. Allir eru bæði karl og kona, eða hvorugt, í mismiklum mæli. Allir eru sérstakir. Fyrst og fremst erum við einstaklingar, hver með einstaka reynslu og einstaka manngerð. Kannski væri best af öllu að afnema skráningu á kyni algjörlega? Hvaða þýðingu hefur hún í raun?

Allir vita

Ég skil þá spurningu eftir í loftinu. Hliðarnar á þessu eru margar og vangavelturnar óteljandi. Samkvæmt frumvarpinu getur karl orðið ófrískur og fætt barn, enda með kynleg einkenni til þess. Og kona getur gert það sem „karlar“ hafa hingað til bara gert: Slegist á sveitaböllum og átt erfitt með að



hafa stjórn á vindgangi snemma á morgnana.

Er ástæða til að hafa áhyggjur?

Fer ekki allt í kalda kol og enginn veit lengur í hvaða búningsklefa hann/hún/það á að fara í sundlaugunum? Verða kannski margir búningsklefar? Og lendir fólk sem ber augljós einkenni karla, eins og sitt skegg, skósiðan pung, filseyru og nefhár, ekki í vandræðum á landamærum þeirra ríkja sem eru meira í boxinu en við, þegar það sýnir vegabréf sem segir að það sé kona?

Jú jú, kannski. Kannski verður alls konar vesen og margir verða ringlaðir í kollinum við að reyna að fatta öll þessi kyn, og að kyn sé ekki lengur tengt hvaða kynfæri

manneskja er með, og svo framvegis. En svona er þetta: Það er langt síðan allir vissu að manneskja sem fæddist með pung væri ekki endilega karl. Og það er langt síðan allir vissu að manneskja með leg væri ekki endilega kona.

Meiri svona viðsýni

Hér stendur til að aðlaga lögin veruleikanum. Það er gleðiefni. Fólk fær að vera það sjálft. Um leið og ég gleðst yfir þessu get ég þó ekki orða bundist yfir öðru. Ég get ekki neitað því að ég vildi óska þess að álika framsækni og viðsýni gætti á öðrum sviðum. Að byltingar tíðarandans rötuðu inn í aðra mikilvæga lagabálka líka. Ég ætla að nefna tvennt.

Það mun skjóta skökku við,



Fer ekki allt í kalda kol og enginn veit lengur í hvaða búningsklefa hann/hún/það á að fara í sundlaugunum?

hljóti frumvarpið brautargengi, að fólk sem breytt hefur kynjaskráningu sinni muni ekki vera sjálfráða um það að velja sér sitt eigið nafn. Við hljótum að leggja niður mannanafnanefnd. Það er varla lagaleg kvöð nokkurs háns að viðhalda íslenskri nafnahefð. Nefndin mun falla saman um leið og umsagnir um nöfn í hvorugkyni fara að berast henni í stríðum straumum. Hver getur mótmælt nöfnum eins og Sólskin eða Blóm?

Hitt er svo þetta: Megi þessi hressandi viðsýni, þessi fagri vilji ríkisstjórnarinnar til þess að horfast í augu við breytta veröld og aðlaga lögin að henni, verða til þess að löggjafinn drífi loksins í því að breyta líka barnalögum. Í þeim er sú blekking höfð að grundvallaratriði að börn skuli einungis búa á einu heimili, en allir vita að þau búa ákaflega oft á tveimur. Ef löggjafinn getur viðurkennt mörg kyn, og að karl geti verið ófrískur, hlýtur hann að geta viðurkennt þetta líka og breytt lögum til samræmis við veruleikann í öllum sínum margbreytileika.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





ÚRVAL ÚTSÝN

KYNNINGARDAGUR

LAUGARDAGINN 23. FEBRÚAR Á GRAND HOTEL

LÉTTAR VEITINGAR

SÉRTILBOÐ Á STAÐNUM

BLÖDRUR FYRIR BÖRNIN

Laugardaginn 23. febrúar verður Úrval Útsýn með kynningardag á ferðaframboði sínu í salnum Hvammi á Grand Hótel Reykjavík frá kl. 11 til 15. Starfsmenn frá Úrval Útsýn verða á staðnum til að svara öllum spurningum gesta. Sérstakar tilboðsferðir verða til sölu á kynningardaginn sjálfan. Á þessari sannkölluðu ferðahátíð verða leikir eins og lukkuhjól, besta „ÚÚ“ selfie-ið o.fl. þar sem glæsilegir vinningar verða í boði. Léttar veitingar verða á boðstólum og blöðrur fyrir börnin. Við hlökkum til að sjá ykkur laugardaginn 23. febrúar!

PIEDMONT, ÍTÖLSK PÁSKAVEISLA ÍTALÍA



19.–25. APRÍL 7 DAGAR
Matarveisla á Norður-Ítalíu

VERÐ FRÁ **219.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

★ GLÆSILEGIR VINNINGAR ★

ADALVINNINGUR Í LUKKUHJÓLI
VIKUFERÐ FYRIR TVÖ

BESTA SELFIE
50.000 KR. GJAFABRÉF

HAPPRÆTTISVINNINGUR
1 × 50.000 KR. GJAFABRÉF
6 × 10.000 KR. GJAFABRÉF

BILBAO SPÁNN



18.–22. APRÍL 5 DAGAR
Spennandi nýjung

VERÐ FRÁ **119.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

PÁSKAFERÐ TIL LISSABON PORTÚGAL



18.–22. APRÍL 5 DAGAR
Yndisleg og fróðleg páskaferð til Lissabon

VERÐ FRÁ **117.000 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

TOSKANA, SVEITASÆLA OG MENNINGARFERÐ ÍTALÍA



28. APRÍL – 5. MAÍ 8 DAGAR
Færri komust að en vildu seinast

VERÐ FRÁ **219.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

DULARFULLA MURCIA OG DÁSEMDARBORGIN GRANADA SPÁNN



24. MAÍ – 31. MAÍ 8 DAGAR
Slóðir sem fáir íslenskir ferðalangar hafa farið

VERÐ FRÁ **184.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

HIN HLIÐIN Á NORÐURLÖNDUNUM SVÍÞJÓÐ, NOREGUR OG DANMÖRK



6.–13. ÁGÚST 8 DAGAR
Leitum að hjarta hvernar þjóðar

VERÐ FRÁ **389.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Á VIT ÆVINTÝRA, MENNINGAR OG SÓLAR JÓRDANÍA



10.–20. SEPTEMBER 11 DAGAR
Einn vinsælasti ferðamannastaður Mið-Austurlanda

VERÐ FRÁ **479.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Innifalið í verði er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.



Verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og staðbreytingu.

HACIENDA DEL ALAMO GOLF RESORT *** SPÁNN**

ICELANDAIR

7.-14. APRÍL 8 DAGAR
Tvíbýli m. morgunmat. Golfbíll innifalinn.

JÚLIUS HALLGRÍMSSON FARARSTJÓRI ÞORSTEINN HALLGRÍMSSON FARARSTJÓRI/ GOLFKENNARI

VERÐ FRÁ 199.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

EL PLANTIO GOLF RESORT *** SPÁNN**

ICELANDAIR

7.-14. APRÍL 8 DAGAR
Ótakmarkað golf, golfbíll og **ALLT INNIFALIÐ**

VERÐ FRÁ 184.900 KR.
Verð á mann m.v. 4 fullorðna.

KISS MÜNCHEN

ICELANDAIR

31. MAÍ – 2. JÚNÍ 3 DAGAR
Enn á lífi og rúmlega það. München rock city!

VERÐ FRÁ 129.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

JÓGA OG ZUMBA ALBÍR

ICELANDAIR

6.-13. JÚNÍ 8 DAGAR
Ræktaðu líkama og sál með Theu og Jóa

VERÐ FRÁ 185.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

KNATTSPYRNUKÓLI ÚÚ & ASKLUKA EL PLANTIO

ICELANDAIR

11.-18. JÚNÍ 8 DAGAR
Æfðu eins og atvinnumaður á Spáni

LUKA KOSTIC FARARSTJÓRI

VERÐ FRÁ 229.700 KR.
Verð á mann m.v. 1 fullorðinn.

SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGGJAFAN Í SÍMA 585 4000

Harðneskjulegt en sanngjarnnt

Emiliano Sala var á leið frá Nantes til Cardiff City þegar hann lést. Einn af þeim öngum sem þarf að leysa í eftirmála þessa atburðar er hvort franska félagið eigi enn heimtingu á greiðslu fyrir leikmanninn.

FÓTBOLTI Knattspyrnuheimurinn er enn að syrgja fráfall argentínska framherjans Emiliano Sala sem lést í janúar síðastliðnum þegar lítil flugvél sem hann var um borð í hrapaði í Ermarsund. Sala var 28 ára þegar hann lést. Lík hans fannst 6. febrúar en lík flugmannsins, Davids Ibbotson, er enn ófundið.

Nú þegar sárin eru hægt og rólega að gróa vakna upp ýmsar spurningar um eftirmála þess þegar leikmaður sem er nýgenginn úr einu félagi í annað lætur lífið á leið sinni á nýjan vinnustað.

Franska félagið Nantes, fyrrverandi vinnuveitandi Sala, hefur gert kröfu á velska félagið Cardiff City um kaupverðið á Argentínumanninum. Gengið hafði verið frá félagaskiptum leikmannsins og því var hann orðinn leikmaður Cardiff sem hafði tekið yfir váttryggingarsamning.

Enskir fjölmiðlar hafa greint frá því að Cardiff hafi haft samband við önnur félög í ensku úrvalsdeildinni til að kanna hvort það geti komist hjá því að greiða fullt kaupverð fyrir Sala, sem var 15 milljónir punda. Hann er dýrasti leikmaður í sögu Cardiff sem landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson leikur með.

Flestir eru sammála um að það hafi verið harðneskjulegt af Nantes að senda Cardiff kröfubréf með hótunum um innheimtuadgerð svo skömmu eftir hinn sorglega atburð. Páll Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi knattspyrnuþjálfari, segir hins vegar að franska félagið sé í fullum rétti til þess að gera það.

„Ég man ekki eftir sambærilegu máli þar sem leikmaður lætur lífið þegar hann er ferðast frá sínu gamla félagi til hins nýja eftir að hafa gengið í gegnum félagaskiptin. Þarna hafa Nantes og Cardiff City hins vegar komist að samkomulagi um kaupverð á Sala og leikmaðurinn búinn að skrifa undir leikmannasamning við velska félagið,“ segir Páll um málið.

„Þegar þannig er í pottinn búið þá er hann orðinn leikmaður Cardiff City sem hefur yfirtekið allar þær skyldur sem því fylgja. Í raun bara hefðbundið vinnuréttarsamband



Jarðarför Emiliano Sala fór fram í heimabæ hans í Argentínu, Progreso, á laugardaginn. Neil Warnock, knattspyrnustjóri Cardiff City, og Ken Choo, framkvæmdastjóri félagsins, voru viðstaddir. NORDICPHOTOS/GETTY

þeirra á milli sem byggir á samningi aðila. Af því leiðir að Nantes hefur engar skyldur gagnvart leikmanninum og í þessu tilfelli þarf Cardiff að tryggja sig fyrir öllu mögulegu tjóni. Það kemur yfirleitt fram í leikmannasamningi hvers leikmanns hver váttryggingarfjárhæð leikmannsins er og það er samkomulagsatriði hverju sinni milli félagsins og váttryggingarfélags þess hversu há möguleg váttryggingarfjárhæð er,“ segir hann enn fremur.

„Það skiptir engu máli í þessum efnum hvort félagið það var sem skipulagði og útvegaði ferðakost leikmannsins. Af þeim sökum ætti Cardiff að greiða Nantes það kaupverð sem samið var um og velska

Beir eru í fullum rétti til þess að krefjast greiðslunnar eins og þeir hafa gert.

Páll Kristjánsson hæstaréttarlögmaður

félagið á svo mögulega kröfu á váttryggingarfélag sitt fyrir þeirri váttryggingarfjárhæð sem samið var um að því gefnu að allt sé eðlilegt. Ég get verið sammála þeim sem segja að franska félagið hefði átti að fara

mildari og manneskjulegri leið við innheimtu sína, en þeir eru í fullum rétti til þess að krefjast greiðslunnar eins og þeir hafa gert,“ sagði Páll um líklega framvindu málsins.

„Það er svo spurning hvort annað hvort UEFA eða FIFA ætti að hafa einhvers konar fyrirkomulag sem gerir það að verkum að félög verði ekki fyrir fjárhagslegum skaða þegar svona lagað gerist. Ég veit ekki alveg hvornig væri best að útfæra það eða hvort það sé nauðsynlegt. Annars eru félög almennt tryggð fyrir þess konar tjóni, sérstaklega þegar um svo háar fjárhæðir er að ræða eins og í þessu tilfelli,“ segir hann enn fremur.

hjorvaro@frettabladid.is



Martin og félagar með silfurmedalíur um hálsinn. NORDICPHOTOS/AFP

Naumt tap í bikarúrslitum

KÖRFUBOLTI Martin Hermansson og félagar í Alba Berlin töpuðu með minnsta mun fyrir Brose Bamberg, 83-82, í úrslitaleik þýsku bikarkeppninnar í körfubolta í gær. Nikolaos Zisis tryggði Brose Bamberg sigurinn með þriggja stiga körfu þegar tvær sekúndur lifðu leiks.

Martin lék í 26 mínútur í bikarúrslitaleiknum. Hann skoraði sex stig og gaf sex stöðsendingar. Martin hitti úr tveimur af fimm skotum sínum utan af velli og nýtti bæði vítaskotin sín. – **ÍPS**

Fyrsta tapið kom í München

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir, landsliðsfyrirliði og Íþróttamaður ársins 2018, var á sínum stað í byrjunarliði Wolfsburg sem tapaði 4-2 fyrir Bayern München í þýsku úrvalsdeildinni í gær.

Þetta var fyrsta tap Wolfsburg í deildinni á tímabilinu en liðið hefur aðeins unnið einn af síðustu fjórum deildarleikjum sínum. Wolfsburg er með 35 stig á toppi deildarinnar, jafn mörg og Bayern en hagstæðari markatölu.

Sandra María Jessen lék sinn fyrsta leik fyrir Bayer Leverkusen sem steinlá, 6-0, fyrir Freiburg. Akureyringurinn var í byrjunarliði Leverkusen og lék fyrstu 62 mínúturnar. Leverkusen er í ellefta og næstnæsta sæti deildarinnar með tíu stig, jafn mörg og Werder Bremen en lakari markatölu. – **ÍPS**



Rafmagnaður

Audi Q7 e-tron quattro

Eigum nokkra Audi Q7 e-tron quattro hlaðna aukahlutum á einstöku tilboðsverði.

5 ára ábyrgð

Til afhendingar strax!

Audi Q7 e-tron er umhverfismildur tengiltvinnbílur sem sameinar krafta dísilvélar og rafmagnsmótors með drægni allt að 56 km. (skv. NEDC).

Verð frá 10.990.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



W E LÓ E

MÁNUDAGUR 18. FEBRÚAR 2019

Lífsstíll



Steinunn McQueen tók sér eftirnafn skoskrar föðurömmu sinnar en erfði leiklistargenin frá móðurömmu sinni, Steinunni Jóhannesdóttur. MYND/ERNIR

Hvetjandi veganesti frá Karli Bretaprinns

Leikkonan Steinunn Halla Geirsdóttir McQueen er ný stjarna í brúðuleikhúshæmi Lundúna. Hún er í startholunum ef leikhús eða kvikmyndir kalla. ➔2

Ertu svefnlaus?



Dórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Leiklistargenin hef ég frá móðurömmu minni, Steinunni Jóhannsdóttur leik konu og rithöfundu. Hún lék meðal annars mömmu Jóns Odds og Jóns Bjarna í samnefndri kvikmynd frá árinu 1981 og það var auðvitað uppáhalds sjónvarpsfærni mitt sem barn, en ég átti þínu erfitt með að skilja af hverju amma var með öðrum manni en afa í sjónvarpinu,“ segir Steinunn og skellir upp úr.

Frjálss frá feimni á sviði

Eftir fyrsta ár ævinnar flutti Steinunn til borgarinnar Manchester á Englandi með foreldrum sínum, Geir Rafnssyni og Örnú Kristínu Einarssdóttur sem þangað sóttu nám í trommu- og flautuleik.

„Mamma og pabbi reyndu mikið að halda tónlist að mér og ég prófaði trommur, flautu, gítar og trompet en entist ekki í neinu. Í dag vildi ég óska að ég kynni að spila á hljóðfæri en ég uppgötvaði nýlega mitt eigið hljóðfæri sem er söngróddin. Ég þurfti að syngja í leikprufu, fékk hlutverkið og hef fengið hrós fyrir röddina sem er óvænt og skemmtilegt.“

Steinunn var á leið að verða grafískur hönnuður þegar hún smitaðist óvart af leiklistarbakteríunni við nám í margmiðunarhólinum í Borgarholtsskóla á táníngssárunum.

„Þá voru vinir mínir óðir og uppvægir að sækja leiklistarkúrsum en mér hugnaðist ekki að spinna frammi fyrir fólki vegna feimni. Á öðru árinu sló ég þó til og áttaði mig á hvað ég vildi gera við líf mitt,“ segir Steinunn sem er afar feiminn að upplagi.

„Þegar mamma sá mig í fyrsta sinn á sviði þekkti hún mig ekki fyrir sömu litlu stúlkuna og áður. Í gegnum leiklistina öðlaðist ég sjálfstraust í gegnum textann og þar gat ég orðið hver sem ég vildi. Þetta snýst allt um hlutverk. Maður hættir að stressast yfir því hvað fólk finnst um mann og það sama á við um dansinn sem var hluti af lífi mínu svo lengi. Spannandi adrenalínið tók yfir og maður datt í hlutverk dansarans,“ segir Steinunn sem hóf tólf ára gömul nám í breikdansi hjá goðsögninni Natōshu frá New York, sem er vel þekkt í hiphop-senunni hér heima, en Steinunn bæði sýndi og kenndi breikdans með henni um land allt.

Tignir og frægir áhorfendur

Eftir stúdentspróf var Steinunn staðráðin í að sækja um leiklistarnám á Englandi.

„Ég þráði að flytja aftur út. Ég var átta ára þegar við mamma fluttum aftur heim til Íslands en pabbi varð eftir og flutti til Leeds þar sem hann býr enn. Ég hef alltaf átt auðveldara með að tjá mig á ensku enda lærði ég að lesa og skrifa í Manchester og þótt mamma og pabbi hafi verið akveðin í að ég skyldi læra íslensku fannst mér hún asnaleg sem barn og talaði ensku við þau á móti,“ segir Steinunn og hlær að minningunni.

Það tók hana tvö ár að komast í leiklistarskóla en fyrsta árið stundaði hún námsgráuna á leiklistarbraut Stratford-Upon-Avon í fæðingarbæ leikskáldsins Williams Shakespeare.

„Þar lék ég Lady Percy og fleiri minni hlutverk í Hinriki IV þegar Karl Bretaprins settist á fremsta bekk. Eftir sýninguna kom



Steinunn fann ástina í leiklistarskólanum East 15 og hefur búskap í Portsmouth með vorinu en hún þráir að flytja nær sjó og náttúru. MYND/ERNIR

Ég er íslensk og þrá að komast nær náttúrunni og sænum. Mannmergðin í London er kæfandi og þar er ekkert pláss fyrir mann. Allir eru á harðaspretti og maður má ekki vera fyrir neinum.

prinsinn, gaf sig á tal við okkur og beindi þessum orðum sínum að mér: „Good acting!“ Það var dýrmætt og skemmtilegt vegna þess út á leiklistarbrautina og gleymist seint ef aldrei,“ segir Steinunn sem á dögunum lék líka frammi fyrir frægum breskum grínasti, David Mitchell úr Would I Lie to You.

„Hann sat á fremsta bekk með dóttur sinni sem hágrét úr hræðslu við vonda kallinn, en ég hálfpartinn frikaði út við að sjá hann og það tekur alltaf svolitíð á taugararnar að hafa svo fræga eða tigna gesti í áhorfendahópnum.“

Í Englandstúr með hafmeyju

Steinunn útskrifaðist sem leikona úr East 15-leiklistarskólanum fyrir hálfu öðru ári. Í skólanum er kennt margt konar leikhús og leiklist, og lögd áhersla á eigin sköpun. „Í náminu tókum við tveggja vikna kúrsum í brúðuleik sem mér þótti mjög gaman og var sviðsstjóri BA Acting and Contemporary Theatre-brautarinnar í East 15 staðráðin í að ég hefði þar fundið mína hillu. Hann ýtti að mér verkefnum þegar vantaði brúðuleikara og sendi mig í leikprufu fyrir leikrit í Young Vic sem er mjög stórt og virt leikhús í Lundúnum. Þar fékk ég hlutverkið strax eftir útskrift og hef síðan leikið í þremur brúðuleikverkum,“ segir Steinunn sem nú leikur í brúðuleikritinu The Singing Mermaid eftir sögu Julíu Donaldson.

„Sýningin hefur verið afar vinsæl í London, hlotið frábæra dóma og nú erum við að ferðast með hana hringinn í kringum England og er uppselt hvert sem við komum,“ upplýsir Steinunn sem

nýtur sín mjög við brúðuleikinn og hefur vakið eftirtekt í brúðuleikhúshémi Lundúnaborgar.

„Mig langar að búa til mín eigin brúðuleik og gera mínar eigin brúður. Mér þykir gaman að teikna og get kannski vakið teikningarnar mínar til lífs í brúðum. Mig dremmir líka um að leika á sviði eða frammi fyrir myndavélum sem hefðbundin leikkona og ef það kemur upp í hendurnar á mér er ég algjörlega til, bæði hér úti og heima á Íslandi,“ segir Steinunn.

Ísland er undraland

Senn verða liðin sjö ár síðan Steinunn flutti ein síns liðs til Englands en hún verður 27 ára í ár.

„Það er hluti af uppeldi mínu að búa í tveimur löndum. Ég hef alltaf haft pabba á Englandi og held það hafi gert mér auðveldara að flytja út. Auðvitað væri best ef allir væru á sama stað en ég get alltaf tekið lestina til pabba þótt ég geti ekki farið eins oft til hans og ég vildi vegna vinnu. Það er eins og maður geti vanist því að vera fjarri sínum nánustu en tæknin er líka með því móti í dag að maður getur alltaf heyrt og séð ástvíni sína og það gerir fjarveruna auðveldari,“ segir Steinunn.

Í æðum hennar rennur líka skoskt blóð.

„Föðuramma mín, Frances McQueen, er skosk og þaðan kemur ættarnafnið sem ég tók mér átján ára. Margir hér halda að ég sé sænsk eða norsk en ég lagði hart að mér til að losna við íslenska hreiminn. Þó er enskan mín alls ekki laus við hreim því hún er lituð af mismunandi mállýskum héðan af Englandi; stundum hljóma eins og frá Leeds, stundum frá London og svo er kærastinn minn frá Portsmouth sem er allt önnur mállýska og heyrir líka á mæli mínu,“ segir Steinunn sem ytra er reglulega spurð um norðurljósin og jarðbæðin heima, hreina vatnið og náttúrulega orkuna.

„Ísland er undraland í augum útlendinga og maður heyrir landið á vörum fólks hvert sem maður fer. Það er þá ýmist að fólk sé á leið þangað eða það sé á „bucket-listanum“ að fara þangað.“

Gleðst fyrir hönd mömmu

Að heiman saknar Steinunn svo marga.

„Ég sakna matarins og sund-

lauganna, hreina loftins og ferskleikans en það er eitthvað mjög sérstakt við Ísland. Þegar jólin nálgast þjáist ég af heimþrá og verð að komast heim til mömmu og stórfjölskyldunnar. Ég tengi Ísland og jólin órjúfanlegum böndum því íslensk jól eru svo hátíðleg með sinni kyrrð, fegurð, nánd og kærlleika. Ég veit hreinlega ekki hvað ég á af mér að gera næstu jól því þá verður mamma flogin til Kanada og skrytinn tilhugsun að eyða þeim þar þótt eflaust verði þar miklu meiri snjó og kuldi,“ segir Steinunn og visar til þess að móðir hennar, Arna Kristín Einarssdóttir, tekur við sem framkvæmdastjóri kanadísku þjóðarhljómsveitarinnar í Ottawa 1. maí næstkomandi.

„Ég er innilega glöð fyrir mömmu hönd. Þetta er algjörlega rétt skref fyrir hana og ótrúlega spennandi tækifæri. Sjálf hef ég aldrei komið út fyrir Evrópu og hlakka til að sjá Kanada og veit að litlu bræður mínir eru spenntir að flytjast vestur um haf,“ segir Steinunn sem á tvo bræður sammæðra og eina systur samfedra. „Þau eru öll svo miklu yngri en ég en eru alveg dásamleg.“

Ástina fann Steinunn í breska leikaranum George Pointon en þau voru saman á leiklistarbraut í East 15.

„Þar sáumst við á hverjum degi og þótt hrifningin hafi kviknað fljótt urðum við ekki par fyrr en á lokaárinu. Það var kímigáfa hans og skemmtilegheitin sem hrifu mig en útlitið heillaði mig líka,“ segir Steinunn sem sinn heitelskaða sem lék nýlega í auglýsingu fyrir X-Box sem senn verður frumsýnd.

„Leiklistarheimurinn í London er risastór og mörg hundruð manns sem sækja um sama starfið. Því þurfa happadísirnar að fylgja manni og ég hef verið einstaklega heppin að hafa haft mikið að gera frá útskriftardegi og fengið litlar pásur inn á milli.“

Meðfram leiklistinni hefur Steinunn unnið sem aðstoðarkennari einhverfra barna.

„Það er besta vinna sem ég gæti hugsað mér utan leiklistarinnar. Börnin eru svo miklir persónuleikar en starfið er krefjandi og erfitt á köflum. Fæst barnanna geta talað eða tjáð sig en það er magnað hversu vel maður nær að skilja þau þegar maður kynnist þeim. Hendur mínar bera þess

merki að þau klóra og stundum bita til að tjá reiði sína eða gremju en það er gefandi að geta hjálpað þeim og gert þeim lífið léttara. Nú hef ég ekki náð að kenna þeim í þrjá mánuði og sakna þeirra óskaplega,“ segir Steinunn sem er mikið yndi barnanna.

Rómantískt vor við sæinn

Í vor verða tímamót hjá turtildúfunum Steinunni og George.

„Þá flytjum við til Portsmouth, heimabæjar Georgs. Það var ég sem vildi fara frá London því Portsmouth er hafnarbær. Ég er íslensk og þrá að komast nær náttúrunni og sænum. Þar að auki er mun ódýrara að búa í Portsmouth en í London þar sem við borgum himinháar upphæðir fyrir herbergi í íbúð sem við deilum með öðrum, eða 600 pund. Í Portsmouth leigjum við draumaíbúð með svölum og dásamlegu útsýni fyrir 400 pund og getum þá loks búð saman tvö ein en í London höfum við ekki val um annað en að deila íbúð með öðrum. Mér þótti það ekkert mál hér áður en nú vil ég eiga mitt eigið heimili og hafa það eftir mínu höfði. Eins skemmtilegir og sambýlingarnir eru á ég orðið erfitt með að horfa upp á óuppvaskaða diska frá öðrum í eldhúsvaskinum,“ segir Steinunn og hlær, full tilhlökkunar að yfirgefa stórborgina.

„London er svo fjölmenn að það er ekkert pláss fyrir mann. Það versta sem ég veit er að ferðast í túbunni á annatíma. Þá er enginn í góðu skapi, allir nývaknaðir og fastir í pinulitlu röri á leið í vinnuna í upp undir klukkutíma. Hér er kæfandi mannmergð, allir eru á harðaspretti og maður má ekki vera fyrir neinum. Um leið og ég flyt mun ég njóta þess betur að fara til London sem ótrúlega falleg og skemmtileg heimsborg. Ég mun vissulega sakna vana minna og félagslífsins en það góða við Portsmouth er að þar verður allt enn innan seilingar því stutt er að taka lestina til London og það mun engu breyta með leiklistarferil minn,“ segir Steinunn.

„Ég efast um að flytja aftur heim þótt mamma og amma séu akveðnar í að það gerist. Mér líður svo vel á Englandi en Ísland verður alltaf heimilið mitt og ég mun koma oft í heimsókn.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf

Ábyrgðarmaður:
Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gisladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Fasteignablaðið

7. TBL. MÁNUDAGUR 18. FEBRÚAR 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



heimili fasteignasala á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Frámkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumíðari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

Ólfar F. Jóhannsson
hdl. Lögræðingur, Löggiltur
Fasteignasali, Skjalagerð.



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Lita og innanhús
Stíllisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115



S Í ð A N 1 9 9 5

Nútímaleg, kraftmikil og framsækinn fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

Vandað hús á Arnarnesi

Fasteignamarkaðurinn ehf., sími 570-4500 kynnir til sölu vandað og vel skipulagt 337,2 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum innbyggðum bílskúr, stórum flísalögðum svölum með útsýni og möguleika á aukaíbúð á jarðhæð á þessum veðursæla og kyrrláta stað á sunnanverðu Arnarnesinu.

Forstofan er stór og glæsileg. Baðherbergi inn af holi er nýendurnýjað. Flísalagt gólf og veggir, innrétting, veggengt wc, handklæðaofn og stór flísalögð sturta með sturtugleri.

Gengið er upp á efri hæð hússins úr holi neðri hæðar um fallegan bogadreginn teppalögðan og steiptan stiga með fallegu sérsmíðuðu viðarhandriði. Stigapallur er stór, teppalögður og bjartur með góðri vinnuástöðu og útgengi á stórar og skjólsælur flísalagðar svalir til suðurs og vesturs þaðan sem nýtur glæsilegs útsýnis út á Arnarnesvögginn, að Bessastöðum og víðar.

Eldhúsið er stórt, flísalagt og bjart með góðri borðaðstöðu við útbyggðan bogadreginn glugga. Bæsaðar eikarinnréttingar í eldhúsi



Vandað fjölskyldu-hús við Arnarnesi er til sölu hjá Fasteignamarkaðnum.

með flisum á borðum og eyja. Borðstofan er teppalögð og rúmgóð. Mjög rúmgóð arinstofa, teppalögð og með fallegum arni með flísalögnum fyrir framan. Setustofa er stór, björt og teppalögð með fallegu útsýni.

Hjónaherbergi er stórt og með fataskápum á heilum vegg. Úr hjónaherbergi er útgengi á mjög stórar flísalagðar svalir með útsýni.

Baðherbergi sem innangengt er í bæði úr hjónaherbergi og af stigapalli er nýlega endurnýjað að hluta. Flísalagt gólf, miklar innréttingar, nýlega mósaíklögð sturta og veggengt wc. Húsið að utan virðist

vera í góðu ástandi og hefur alla tíð fengið gott viðhald og endurnýjun. Skipt var um þakjárn, þakrennur og niðurföll fyrir tveimur árum og þakantur yfirfarinn og endurbættur. Auk þess var skipt um allt gler í húsinu og gluggalistar yfirfarnir á sama tíma.

Lóðin er 1.288 fermetra eignarlóð, sem er fullfrágengin og ræktuð með hellulagðri og malbikaðri innkeyrslu og hellulagðum stöttum, fallegum gróðri og virkilega fallegri hraunhleðslu að hluta. Heitur pottur er á lóð og um 7,0 fermetra geymsluskúr.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

Grundarhús 5 - 112 Reykjavík

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

120,2 m², 4-5 herbergja íbúð á tveimur hæðum með sér inngangi á 2. hæð. Eignin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, þvottahús og gestasnyrtingu á neðri hæð, og þrjú svefnherbergir, baðherbergi og geymslu á efri hæð. V. 51,9 m.

Leirvogstunga 12 - 270 Mosfellsbær

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Mjög glæsilegt 253 m² einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á 1.014 m² eignarlóð. Eignin skiptist í stofu, baðherbergi með þvottaaðstöðu, 3 svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Auk þess er aukaíbúð inn af bílskúr með baðherbergi og eldhúsaðstöðu, einnig herbergi með baðherbergi í kjallara. V. 89,9 m.

Skálahlíð 21 - 270 Mosfellsbær

Mjög fallegt og skemmtilega hannað 278,8 m² einbýlishús með bílskúr á glæsilegum útsýnisstað innst í lokuðum botnlanga. Eignin skiptist í stofu/ borðstofu, eldhús, þrjú barnaherbergi, eitt gesta/vinnherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi, baðherbergi, þvottahús, hol, geymslu og bílskúr. V. 103,9 m.

Berjarimi 32 - 112 Rvk.

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

89 m², 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sér inngangi og sérafnotareit á baklóð. Eignin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymslu/ þvottahús. Sérgeymsla í sameign. V. 37,9 m.

Dalbraut 1 - 105 Rvk.

Opið hús miðvikudaginn 20. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30

57,4 m², 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi, ásamt 25,9 m² bílskúr. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, gang, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla á jarðhæð. Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Stutt í alla þjónustu. V. 34,9 m.

Laxatunga 197 - 270 Mos.

222 m² einbýlishús í byggingu á einni hæð á fallegum útsýnisstað. Eignin skilast fullbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga að innan með grófjafnaðri lóð í mars 2019. Rúmgóður bílskúr. Góð lofthæð. Háir gólfsídir gluggar í samverurými. Gólfhiti. Hljóðeinangrað Ruuki þak. V. 82,9 m.

Leirutangi 14 - 270 Mosfellsbær

Opið hús þriðjudaginn 19. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30

Fallegt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr á vinsælum stað við Leirutanga 14 í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 234,8 m², þar af einbýlishús 178,8 m² og bílskúr 56,0 m². Við hlið hússins stendur bílskúrin sem er ókláraður. Gott skipulagt. Glæsilegt stórt eldhús og stórar stofur. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Fallegur gróinn garður í suðurátt með steyptri vernd og skjólgirðinu. V. 79,9 m.

Skeljatangi 41 - 270 Mosfellsbær

Opið hús þriðjudaginn 19. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30

84,2 m², 4ra herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Góð staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. V. 42,9 m.

Gerplustræti 8 - 270 Mosfellsbær

Opið hús þriðjudaginn 19. febrúar frá kl. 17:45 til 18:15

34 m², 5 herbergja endaíbúð í lyftuhúsi auk bílastæðis í bílajakallara. Eignin skiptist í stofu, eldhús, sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, geymsla í sameign. V. 53,5 m.

Vogatunga 87-91 - 270 Mosfellsbær

Opið hús miðvikudaginn 20. febrúar frá kl. 17:30 til 18:00

230,7 m² Raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum, í byggingu. Fallegt útsýni. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og svalir. V. 63,9 - 64,9 m.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



ÞORLÁKUR ÓMAR
EINARSSON
Frankvæðastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399



STEFÁN HRAFN
STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049



SARA MARÍA
KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524



ERLA DRÖFN
MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



JÓHANNA ÍRIS
SIGURÐARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166



MATTHILDUR SUNNA
ÞORLAKSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



ÓLAFUR H.
GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508



KRISTÍN
SKJALDARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 824 4031



SÆÞÓR ÓLAFSSON
Sölumaður, nemi til
löggingdagar
fasteignasala
Gsm: 855-5550



ÞÓRUNN LILLA
VILBERGSDÓTTIR
Lögfræðingur / nemi til
lög. fasteignasala
Sími 535 1000



KJARTAN ÍSAK
GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lög. fast.
GSM 663 4392

KRISTNIBRAUT 51 - 113 RVK

62.9M



OPÍÐ HÚS



MATTHILDUR SUNNA

690 4966

Opíð hús miðvikudaginn 20. feb. klukkan 17:30-18:00.
Einstaklega falleg 142,8 fm., 4ra herb. endaíbúð, sem búið er að taka vandað í gegn. Sér inngangur. Tvönnar svalir í suður og austur.

BREKKULÆKUR 1 - 105 RVK

45.9M



OPÍÐ HÚS



MATTHILDUR SUNNA

690 4966

Opíð hús þriðjudaginn 19. feb. klukkan 17:30-18:00.
Snyrtileg 106,4 fm., 3ja herb. íbúð. Nýir gluggar á framhlíð húss, nýir ofnar og lagnir í íbúð, nýtt parket og innréttingar eru nýlegar.

ESKIHOLT 19 - 210 GBR

128.5M



MATTHILDUR SUNNA

690 4966

Stórglæsilegt 380 fm. einbýlishús í klassískum stíl, teiknað af Kjartani Sveinssyni. Húsið er á tveimur hæðum á góðum útsýnisstað í Garðabæ. Tvöfaldur 48,4 fm. bílskúr með góðri lofthæð.

SKÓLAGERÐI 61, 200 KÓP

31.9M



OPÍÐ HÚS



ERLA D. MAGNÚSDÓTTIR

692 0149

Opíð hús mánudaginn 18. feb. klukkan 17:30-18:00.
Þriggja herbergja íbúð á jarðhæð, vel staðsett eign í rótgrónu hverfi í Kópavogi.

RAUÐALÆKUR 57 - 105 RVK

68.9M



OPÍÐ HÚS



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON

663-2508

Opíð hús miðvikudaginn 20. feb. klukkan 17:30-18:30.
Frábærlega staðsett 133,9 fermetra sérhæð með 26,7 fermetra bílskúr á besta stað við Rauðalæk.

REKAGRANDI 6 - ÍB. 0303

34.9M



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON

663-2508

Opíð hús mánudaginn 18. feb. klukkan 17:30-18:30 Mikið endurnýjuð 52,1 fermetra tveggja herbergja íbúð á þriðju hæð, á þessum vinsæla stað í Vesturbænum.

VALLAKÓR 6, ÍB. 1004, 203 KÓP

67.9M



BÓKIB SKOÐUN



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON

663-2508

117,7 fermetra þriggja herbergja endaíbúð á 10.hæð með 65 fermetra svölum, miklum gluggum og glæsilegu útsýni. Íbúðin afhendist fullbúin með gólfefnum, fataskápum og eldhústækjum.

ÁLALIND 1-3, 201 KÓP - 2JA / 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR

Verð frá: 43.5M



JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR 662 1166 / KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR 824 4031

Opíð hús mánudaginn 18. feb. klukkan 17:00-17:30. Glæsilegt nýtt 36 íbúða hús á 5 hæðum byggt af Sérverki sem er vandaður verktaki með trausta byggingarsögu. Sérverk er með eigið trésmíðaverkstæði og smíðar innréttingar sjálf fyrir sín hús. Um er að ræða tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir frá 83-116 fm. Allar íbúðir afhendast fullbúnað með gólfefnum.



Við bjóðum upp á þjónustu á pólsku

Marzysz o własnym domu lub mieszkaniu?

Mylisz o sprzedaży swojej nieruchomości?

Boisz się podjęcia pierwszego kroku?

Biuro nieruchomości Stakfell działające prężnie od 1984 roku jest do Twoich usług. Oferujemy między innymi:

- **Polskojęzyczne** doradctwo
- **Darmową** wycenę Twojej własności
- dziesiątki nieruchomości na liście sprzedaży
- **Pomoc** w znalezieniu wymarzonego lokum
- **Rzetelną** asystę prawników i specjalistów

Bliższych **informacji w j.polskim** udziela **Sara María**, szef do spraw finansów pod numerem telefonu: **697-5524** bądź **sara@stakfell.is** Zapraszamy serdecznie!

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Samngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Nýbygging – Reykjanesbær | Nýjar 3ja og 4ra herbergja íbúðir við Dalsbraut | Staðsetning er afar góð við Stapaskóla.

Dofraborgir. Frábær staðsetning.



- Mjög gott 197,0 fm. vel skipulagt og frábærlega staðsett einbýlishús á einni hæð á 892,0 fm. gróinni lóð. Fallegt útsýni til suðvesturs út á sundin og yfir borgina.
- Húsið teiknaði Jakob Línal arkitekt og sá Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt um hönnun á lóð.
- Húsið stendur við autt svæði frá baklóð með glæsilegu útsýni og í næsta nágrenni við höggmyndagarð Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara.
- Aukin lofthæð er yfir flestum rýmum og herbergjum. Gólfisóir gluggar.
- Húsið er steinsteypt og með álklaðningu. Stór verönd til suðvesturs og heitur pottur með skjólgröngu.

Birkíás 16 - Garðabæ. Glæsilegt endaraðhús.



- Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 18.00**
- Vandað 161,1 fm. endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, sem búið er að innrétta sem rúmgott baðherbergi og fataherbergi/skrifstofu. Eignin hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Baðherbergi hafa verið endurnýjuð og neðri hæð tekin í gegn haustið 2017 með aðstoð Bryndisar Evu Jónsdóttir innanhúsarkitekts. Fjögur herbergi. Mikil lofthæð er yfir stofum og eldhúsi og glæsilegt útsýni til norðurs af báðum hæðum. Góð staðsetning með útsýni út á sundin, að Akranesi, Esjunni og víðar. Afgirt viðarverönd til suðurs og hellulögð stétt og bílastæði fyrir framan hús. Bílastæði fyrir 4-5 bifreiðar á framlóð.
- Verð 84,9 millj.**

Smiðsbúð - Garðabæ. Heil húseign. Verslunar – iðnaðar og íbúðarhúsn.



- 1.079,5 fm. heil húseign á 2.244,0 fm. lóð við Smiðsbúð 10 í Garðabæ.
- Eignin skiptist þannig að í framhúsi, sem er á tveimur hæðum, er verslunar- og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð en á efri hæð er 175,3 fm. íbúð með tveimur rúmgóðum herbergjum. Sýningarsalur með gluggum í þrjár áttir og móttöku. Bakhús er iðnaðarhúsnæði með fjölda innkeyrsludyra, góðum gluggum og lofthæð frá 3,5 - 5,0 metrum. Bakhúsið skiptist í starfsmannarými, lagerrými, tvo sal og kalt skýli.
- Stórt afgirt port með hlíði er á lóðinni.
- Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Kjarrás - Garðabæ. Endaraðhús.



- Virkilega fallegt og vandað 179,1 fm. endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á stórrí og gróinni lóð við Kjarrás í Garðabæ. Húsið er steypst einingahús klætt marmararsalla. Viðarverönd til suðurs og austurs með skjólveggjum.
 - Húsið er vel innréttað með ljósum innréttingum, ljósu parketi og ljósum hurðum.
 - Opið rými sem rúmar opið eldhús með borðaðstöðu og setu-/borðstofu. Þrjú svefnherbergi.
 - Húsið er vel staðsett innst í lokaðri götu við opið svæði.
- Verð 84,5 millj.**

Kjartansgata 3. 3ja herbergja íbúð – sérinngangur.



- Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Góð 79,7 fm. íbúð í kjallara í fjórbylishúsi við Kjartansgötu. Íbúðin er björt þar sem stærstu rýmin er með góðum gluggum til suðurs. Tvö herbergi. Björt og rúmgóð stofa. Lóðin er nýlega tekin í gegn með hellulagðri stétt og verönd fyrir framan hús til suðurs og nýlega steypum útitróppum.
- Falleg íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Stutt er í alla verslun og þjónustu.
- Verð 35,0 millj.**

Norðurbakki 3a - Hafnarfirði. 3ja herb. íbúð með tveimur sér veröndum.



- Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Falleg 102,2 fm. íbúð á jarðhæð með tveimur sér veröndum og sér bílastæði í bilageymslu við Norðurbakka 3a í Hafnarfirði. Íbúðin er innréttað á afar smekkelegan hátt. Innréttingar, gólfefni og innihurðir eru úr ljósum viði. Stofa með gólfisóðum gluggum til suðvesturs. Tvö rúmgóð herbergi. Vandað baðherbergi. Eldhús með góðum gluggum til austurs. Frábær staðsetning í miðbæ Hafnarfjarðar þaðan sem stutt er í alla þjónustu, verslanir, veitingastaði, samgöngur og afþreyingu.
- Verð 49,9 millj.**

Skúlagata 32. Útsýnisíbúð á efstu hæð með þakgarði til suðurs.



- Glæsileg 158,6 fm. íbúð á 5. hæð, efstu hæð, í fjórbylishúsi í miðborg Reykjavíkur. Íbúðinni fylgir sér geymsla. 41,1 fm. þakgarður er til suðurs með heitum potti og harðviðargólfi og 8,9 fm. svalir eru til norðurs, eftir endilengri íbúðinni, einnig með harðviðargólfi. Mjög stórir gluggar með þreföldu gleri eru í íbúðinni og einstakt útsýni.
- Allar innréttingar eru sérsmiðaðar og þó nokkuð er um fastar innbyggðar hillur í veggjum í íbúðinni. Verulega aukin lofthæð er í íbúðinni eða allt að 4,6 metrar og allar innihurðir eru í yfirhæð. Einungis tvær íbúðir eru á hæðinni.
- Verð 99,5 millj.**

Flétturimi 8. 4ra herbergja íbúð með svölum til vesturs.



- Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Björt 4ra herbergja 114,6 fermetra íbúð á 2. hæð með svölum til vesturs í góðu fjórbylishúsi í Grafarvogi. Stofa rúmar vel setustofu og borðstofu. Þrjú góð herbergi með gluggum til austurs. Eldhús með Alno innréttingu og góðum borðkrók. Þvottaherbergi innan íbúðar. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bilageymslu. Snýrtilleg sameign.
- Staðsetning eignarinnar er afar góð og stutt er í grunnskóla og framhaldsskóla. Íþróttasvæði Fjölhis í göngufæri.
- Verð 47,5 millj.**

Ásvallagata 23. Góð 4ra herbergja íbúð.



- Mjög fin 85,7 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í fjórbylishúsi á Ásvallagötu.
 - Verulega aukin lofthæð. Falleg gluggasetning og fallegir gífislistar í loftum.
 - Samliggjandi skiptanlegar stofur. Eldhús með fallegum uppgerðum innréttingum. Tvö rúmgóð herbergi.
 - Mögulegt er að setja svalir til suðurs út af stofum og hefur það verið gert í nærliggjandi húsum.
 - Stigahús er nýlega teppalagt og málað. Lóðin visar til suðurs, skjólsæl með tyríri flöt, vel hirt og með sandkassa fyrir börn.
- Verð 47,9 millj.**

Holtsgata 34. 3ja - 4ra herbergja íbúð.



- Björt og vel skipulögð 3ja - 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjórbylishúsi við Holtsgötu. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum.
 - Húsið var steypuviðgert að utan og steypur nýr þakkantur árið 2012. Nýlega var skipt um gler og glugga í húsinu.
 - Stofa er stór og björt. Mögulegt væri að gera herbergi úr hluta stofu. Tvö rúmgóð herbergi.
 - Í risi hússins er íbúðarherbergi með nýjum þakglugga, sem tilheyrir íbúðinni.
- Frábær staðsetning í gamla vesturbænum.
- Verð 39,9 millj.**



EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali s. 824 9093



Guðmundur Sigurjónsson
Lögræðingur, löggiltur fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali s. 864 5464



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri s. 899 1882



Magnea S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali s. 861 8511



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumíðlari s. 824 9098



Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali s. 896 1168



Alexander Ingi Kristjánsson
Löggiltur fasteignasali s. 695 7700

BARMAHLÍÐ 28 105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Einstaklega falleg og vel staðsett mikið uppgerð 120.2 fm 4 herbergja íbúð með sér inngangi. Eignin hefur verið gerð upp á smekklegan hátt. Íbúðin skiptist í flísalagða forstofu, 2 rúmgóð svefnherbergi, tvær fallegar samliggjandi bjartar stofur með arni, skála, eldhús og baðherbergi. Falleg íbúð á vinsælum stað í Hlíðunum. **V. 61,9 m.**

Opið hús þriðjudaginn 19. feb. milli kl. 17:00 og 17:30

Nánari uppl. Sverrir Kristinsson lg.fs. s. 861 8514 sverrir@eignamidlun.is eða Hreiðar Levý Guðmundsson s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is

ARNARHLÍÐ 1 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Nýjar og glæsilegar íbúðir á Hlíðarenda. Einstaklega fallegt 4ra hæða fjölbýlishúsi með einstakri hönnun sem skilur það frá hefðbundnum fjölbýlishúsum á margan hátt. Arkitektarhússins eru Alark arkitektar ehf. **V. 52,5 m.**

Opið hús þriðjudaginn 19. feb. milli kl. 17:30 og 18:00

Nánari uppl.: Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is, Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is, Ármann Þór Gunnarsson lg.fs. s. 847 7000, armann@eignamidlun.is

VATNSSTÍGUR 20-22 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Glæsileg 2ja herbergja 109 fm íbúð á 2. hæð við Vatnsstíg 20-22 í Skuggahverfinu. Í íbúðinni er borðstofa/stofa, svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Geymsla í kjallara. Svalir til vesturs. Bílastæði í bílageymslu fylgir. **V. 60,9 m.**

Opið hús þriðjudaginn 19. feb. milli kl. 17:00 og 17:30

Nánari uppl.: Alexander I. Kristjánsson lg.fs. s. 695 7700, alexander@eignamidlun.is

BREIÐAVÍK 29 112 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

131.9 fm 4 herb. íbúð með sér inngangi, bílskúr og afgirtri verönd. Eignin skiptist: Forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottahús og baðherbergi. Útgengt er út á stóran pall / verönd frá stofu. Bílskúrin er rúmgóður með hita og rafmagni. Inn af bílskúrnum er rúmgóð geymsla. **V. 49,9 m.**

Opið hús mánudaginn 18. feb. milli kl. 17:00 og 17:30

Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs., s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

SÓLVALLAGATA 11 101 REYKJAVÍK




OPIÐ HÚS

Falleg, björt og mikið endurnýjuð 157,3 fm efri sérhæð í 3-býlishúsi. Tvær samliggjandi stofur, borðstofa/vinnuherbergi, eldhús, tvö herbergi, tvö baðherbergi. Svalir. Frábær staðsetning. Húsið er staðsett á horni Sólvallagötu og Blómvallagötu.

Opið hús mánudaginn 18. feb. milli kl. 17:00 og 17:30

Nánari uppl.: Hreiðar Levý Guðmundsson nemi til lg.fs. s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is

LYNGÁS 1D 210 GARÐABÆ



OPIÐ HÚS

Góð 3ja herbergja 94.4 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi og rúmgóðum sólpalli í vel staðsettu fjölbýlishúsi í Garðabæ. Staði í bílageymslu fylgir íbúðinni. **V. 48,9 m.**

Opið hús mánudaginn 18. feb. milli kl. 17:00 og kl. 17:30

Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is

JÓNSGEISLI 35 113 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

246 fm 7 herbergja, afar vandað einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Gróin og fallegur garður, mikið útsýni. Eignin skiptist: Forstofu, 5 svefnherbergi, 2 stofur, eldhús og 2 baðherbergi ásamt innbyggðum bílskúr.

Virkilega góð staðsetning þar sem stutt er í náttúruna, golf, íþróttasvæði Fram, skóla og leikskóla. **V. 117,0 m.**

Opið hús þriðjudaginn, 19. feb. milli kl. 17:00 og 17:30

Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is



Daði Hafþórsson
Löggiltur
fasteignasali
s. 824 9096



Guðbjörg Matthíasdóttir
Lögfræðingur,
löggiltur
fasteignasali
s. 588 9090



Ármann Þór Gunnarsson
Löggiltur
fasteignasali
s. 847 7000



Hreiðar Levy Guðmundsson
Nemi til lögg.
fast.sala
s. 661 6021



Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri



Ásdís H. Júlíusdóttir
Ritari




María Guðrún Waltersdóttir
Móttökuritari



Sesselja K. Sigurðardóttir
Skjalavinnsla/
auglýsingar

KÓPAVOGSTÚN 9
200 KÓPAVOGUR



60
ára +

BÓKIÐ SKOÐUN

Glæsileg 136,7 fm 3ja herbergja þakíbúð á 5. hæð með staði í bílgeymslu og tvennum svölum fyrir 60 ára og eldri. Íbúðin er á 5. hæð hússins og skiptist þannig, anddyri, tvö svefnherbergi, fataherbergi, þvottur, tvö baðherbergi, eldhús og stofa ásamt tveimur þaksvölum 22,3 fm og 19,3 fm. Íbúðir eru afhentar án gólfefna nema á baði og þvottahúsi, þar eru flísar. **V.92,9 m.** Nánari uppl. **Daði Hafþórsson lg.fs., í s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is**

BERGSMÁRI 6
201 KÓPAVOGUR



OPIÐ HÚS



Virkilega gott 196 fm einbýlishús við Bergsmára. Fjögur góð svefnherbergi, möguleiki á því fimmta. Góðar stofur og rúmgott eldhús. Skjólgóð verönd. Mjög góð staðsetning nálægt verslun, þjónustu og íþróttasvæði. **V.91,9 m.** **Opið hús miðvikudaginn 20. feb. milli kl. 17:00 og kl. 17:30** Nánari uppl. **Brynjar Þór Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is**

STRANDVEGUR 1
210 GARÐABÆR



BÓKIÐ SKOÐUN

Glæsileg og björt 172,2 fm 4-5 herbergja íbúð á fyrstu hæð með bílskúr innst í Sjálandshverfinu í Garðabæ með einstöku sjávarútsýni. Íbúðin er vel skipulögð með opnu eldhúsi, rúmgóðri stofu með stórum gluggum. Svefnherbergin eru 2 en auðvelt er að bæta við því þriðja. Yfirbyggður pallur til vestur með útsýni yfir gálgahraun. Eignin skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi, 2 stofur, eldhús og baðherbergi, þvottaherbergi, geymslu og bílskúr. **V. 87,5 m.** Nánari uppl. **Hreiðar Levy, s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is** eða **Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882**

GNOÐARVOGUR 78
104 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

136,5 fm 6 herb. efri hæð með tvennum svölum. Eignin hefur verið töluvert endurnýjuð. Stofa og borðstofa eru samliggjandi eftir allri suðurhlíð hússins með stórum gluggum og rúmgóðum svölum. Mögulegt að leigja út forstofu herbergi. **V.56,9 m.** Nánari uppl. **veitir Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is.**

BREKKUSEL 2
109 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Erum með í sölu 272,5 fm raðhús á þremur hæðum með bílskúr. Húsinu hefur verið skipt upp í þrjár sjálfstæðar íbúðir. Húsið var tekið töluvert gegn árið 2015. Gott hús sem auðvelt er að breyta aftur í stórt fjölskylduhús. **V. 89,9 m.** Nánari uppl. **Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is**

KLAPPARSTÍGUR 13
260 REYKJANESBÆR



BÓKIÐ SKOÐUN

101,3 fm 5 herb. íbúð á neðri hæð í mjög vel staðsettu þríbýli við Klapparstíg í Njarðvík ásamt bílskúr sem er 51 fm. Sérinnangur, gott skipulag. Talsvert upprunaleg íbúð og gler þarfnast endurnýjunar. Stór gróinn garður. Laus strax. **V. 31,9 m** Nánari uppl. **Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

HRINGBRAUT 111
101 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Góð 75,5 fm 3 herbergja íbúð á 2. hæð. Eldhús er með endurnýjaðri innréttingu. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Eignin skiptist í forstofuhól, 1-2 svefnherbergi, stofu, eldhús. **V.38,9 m** Nánari uppl. **Brynjar Þór Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is**

HÓLSVEGUR 17
104 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Falleg og endurnýjuð 3ja-4ra herbergja 94,8 fm íbúð á 2.hæð með sérinnangi. Nýlega hefur verið skipt um eldhúsinnréttingu, tæki og baðherbergi endurnýjað. **V. 42,9 m** **Opið hús mánudaginn 18. feb. milli kl. 17:15 og 17:45** Nánari uppl. **Kjartan Hallgeirsson lg. fs. s. 896 1168, kjartan@eignamidlun.is**

RAUÐÁS 12
110 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða bjarta og skemmtilega 111,5 fm 6 herbergja íbúð með fallegu útsýni. Gólfhlötu er stærra vegna rishæðar þar sem meiri hlutinn af rýminu er óskráður. Stutt er í alla helstu þjónustu. **V.51,9 m** **Opið hús mánudaginn 18. feb. milli kl. 17:00 og 17:30** Nánari uppl. **Alexander I. Kristjánsson lg.fs. 695 7700, alexander@eignamidlun.is**

ÁLFHÓLSVEGUR 147
200 KÓPAVOGUR



BÓKIÐ SKOÐUN

80,6 fm 3 herb. íbúð/hús á jarðhæð í frábærlega vel staðsettu tvíbýlishúsi ásamt bílskúr samtals 104,6 fm. Sérinnangur. Endurnýjað eldhús, baðherbergi, gólfefni, skápar, lagnir að mestu og fl. Stutt í helstu þjónustu. **V. 49,5 m** Nánari uppl. **Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

ÞINGVAÐ 45
110 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

203,6 fm vel staðsett raðhús á 2 hæðum m bílskúr. Fjögur svefnherbergi, stórar suðursvalir. Parket og flísar á gólfum, sérverönd. Góð aðkoma að húsinu. Stutt í skemmtilegar gönguleiðir og að Elliðavatni. Steinsnar í skóla og leikskóla. **V. 80,9 m** Nánari uppl. **veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

Naustavör 28-34

BÚM
BETUR



www.bygg.is



NÝTT Í SÖLU

Bryggjuhverfið í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 28-34. Íbúðirnar eru 76-244 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.



REYNSLA
FAGMENNSKA
METNAÐUR



Skotið
teikningar
á bygg.is



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 35 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
sími: 845 8958



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313



Hrónn Bjarnadóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 663 5851



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Hjallaland 1

108 Reykjavík



Miklaborg kynnir:

Fallegt 240,4 fm endaraðhús ásamt bílskúr

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð og fengið gott viðhald í gengum árin

Sérlega rúmgóðar stofur, 5 herbergi, 3 baðherbergi, eldhús, þvottahús og geymslur

Svalir efri hæðar eru yfirbyggðar

Glæsilegur garður með sólröllum og gróðri.

OPIÐ HÚS

Þriðjudaginn 19. feb. kl. 17:30 - 18:15

Verð: **94,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Svan G. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is sími: 697 9300



Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Jökulhæð

210 Garðabær



Vandað og vel skipulagt 226,2 fm einbýlishús á einni hæð á þessum vinsæla stað í Garðabæ
Eignin skiptist ma í rúmgóða og bjarta stofu með aukinni lofthæð, hjónaherbergi með sér baðherbergi og fataherbergi 3 barnaherbergi, eldhús, sjónvarpshol og baðherbergi
Lagnakjallari undir öllu húsinu ásamt rúmgóðri geymslu á háalofti
Mjög rúmgott bílaplan við húsið ásamt sólríku palli og heitum potti
Stór lóð í góðri rækt



Nánari upplýsingar veitir:
Páll Þórólfsson, lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is sími: 893 9929

Verð: **108,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is sími: 695 5520

Verð: **45,9 millj.**

Með þér alla leið



OPÍÐ HÚS

mánudaginn 18.feb. kl.17:00 - 17:30

Hagamelur 107 Reykjavík

Falleg og mikið endurnýjuð 81,0 fermetra 3ja herbergja íbúð með sér inngangi í fallegu húsi á þessum vinsæla stað í Vesturbæ Reykjavíkur
Aukin lofthæð er í íbúðinni



Nánari upplýsingar veitir:
Páll Þórolfsson lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is sími: 893 9929

Verð: **41,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 19.feb. kl. 17:00 - 17:30

Ásvallagata 59 101 Reykjavík

Vel skipulögð og björt 52 fermetra 2ja herbergja á 2. hæð á þessum vinsæla stað við Ásvallagötu í Vesturbæ Reykjavíkur
Stór húsgarður í innlokðu porti að danskri fyrirmynd, með leiktækjum og bekkjum



Nánari upplýsingar veitir:
Páll Þórolfsson lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is sími: 893 9929

Verð: **31,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

mánudaginn 18.feb. kl.17:00 - 17:40

Kirkjubraut 5 170 Seltjarnarnes

Falleg og nokkuð endurnýjuð 118 fm neðri sérhæð
Nýlegt eldhús og baðherbergi
Þrjú góð svefnherbergi og möguleiki á því fjórða
Stór sér verönd í suður
Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

Verð: **54,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 19.feb. kl. 17:00 - 17:45

Jöklafold 43 112 Reykjavík

Mikið endurnýjuð 3ja til 4ra herbergja 106 fm íbúð
Rúmlega 100 fm sérlóð út frá stofu
Nýlegt eldhús og gólfefni
Björt og falleg eign



Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

Verð: **47,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

mánudaginn 18.feb. kl.17:00 - 17:30

Gnoðarvogur 72 104 Reykjavík

Falleg íbúð á fyrstu hæð til hægri
Tvö svefnherbergi og tvær stofur
Tvennar svalir
Gott skipulag, fermetrar nýtast vel
Stór lóð í sameign / Tvennar geymslur
Frábær staðsetning, gróid hverfi þar sem stutt er í alla þjónustu, verslun og skóla
Laus strax



Nánari upplýsingar veitir:
Jörunn Skúladóttir, lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

Verð: **42,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 19.feb. kl. 17:30 - 18:00

Mosarimi 3 112 Reykjavík

3ja herb íbúð á jarðhæð m sérinngangi
84 fm að stærð með geymslu
Sérmerkt stæði í bílskýli
Hús viðgert og málað sl sumar
Vel skipulögð íbúð, björt og falleg
Sér verönd / garður



Nánari upplýsingar veitir:
Þórhallur Biering, lögg. fasteignasali
thorhallurb@miklaborg.is sími: 896 8232

Verð: **41,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

mánudaginn 18.feb. kl.17:00 - 17:45

Langalína 21 210 Garðabær

Glæsileg tveggja herbergja íbúð á fyrstu hæð við Löngulínu í Garðabæ
Eignin er 91,8 fm
Þvottaherbergi með innréttingu innan íbúðar
Rúmgóðar svalir
Sérgeymsla í kjallara



Nánari upplýsingar veitir:
Ásgrímur Ásmundsson, hdl og lögg. fasteignasali
asi@miklaborg.is sími: 865 4120

Verð: **49,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 19.feb. kl. 18:00 - 18:45

Bárugata 37 101 Reykjavík

Mikið endurnýjuð 98 fm, 3ja til 4ra herbergja
Nýlegt baðherbergi og gólfefni
Falleg eldri innrétting í eldhúsi
Nýlega endurnýjaðir gluggar að hluta sem og dren
Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

Verð: **49,5 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 19.feb. kl. 17:00 - 17:30

Hjarðarhagi 60 107 Reykjavík

Vel skipulögð og endurnýjuð íbúð á 1. hæð í góðu húsi við Hjarðarhaga 60 í vesturbænum
109 fm
4ra herbergja
Bílskúr



Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson, lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is sími: 899 5856

Verð: **51,9 millj.**



OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 19. feb. kl. 17:00 - 17:45

Bleikjulækur 35 800 Selfoss

Glæsilegt nýtt einbýlishús á einni hæð ásamt innbyggðri bílgeymslu við Bleikjulæk á Selfossi
Húsið er 181,6 fm, þar af er bílgeymsla 28,5 fm
Fjögur svefnherbergi
Stór verönd úr lerkni með heitum potti
Kamína í stofu, steinn á borðum í eldhúsi og vinkælir. Gufuherbergi með forrými og sér-sturtuadstöðu



Nánari upplýsingar veitir:
Ásgrímur Ásmundsson, hdl og lögg. fasteignasali
asi@miklaborg.is sími: 865 4120

Verð: **64,9 millj.**



OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 20. feb. kl. 17:00 - 17:30

Ársalir 3 201 Kópavogur

Íbúð með fallegu útsýni á 8. hæð
Lyftuhús með stæði í bílageymslu
Svalirnar eru yfirbyggðar
2 svefnherbergi
Íbúðin er 99,7 fm að stærð

Verð: **51,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is sími: 775 1515



OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 20. feb. kl. 17:00 - 17:30

Bárugata 5 101 Reykjavík

Mikið endurnýjuð og vel skipulögð þriggja
herbergja íbúð í kjallara á Bárugötu
Íbúðin var öll tekin í gegn 2017
Góð eign í hjarta bæjarins

Verð: **36,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Axel Axelsson, lögg. fasteignasali
axel@miklaborg.is sími: 778 7272



OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 20. feb. kl. 17:15 - 17:45

Krummahólar 8 111 Reykjavík

Björt og falleg 2ja herbergja íbúð á 3.hæð
í lyftuhúsi
Sérmerkt stæði í bílageymslu Útsýnisvalir
Stutt í alla þjónustu

Verð: **29,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Hrönn Bjarnadóttir, lögg. fasteignasali
hronn@miklaborg.is sími: 663-5851



OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 20. feb. kl. 17:30 - 18:15

Fálkagata 17 107 Reykjavík

Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð
